

**Hvernig hefur markaðsvæðing kynfruma og
sjúkdómsvæðing ófrjóseminnar áhrif á konur,
kvenlíkamann og kvenhlutverkið?**

Femínísk úttekt í hagrænu samhengi

Inga Rún Sigrúnardóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Hvernig hefur markaðsvæðing kynfruma og sjúkdómsvæðing
ófrjóseminnar áhrif á konur, kvenlíkamann og kvenhlutverkið?
*Femínísk úttekt í hagrænu samhengi***

Inga Rún Sigrúnardóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjúnkt

Stjórnmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Október 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Inga Rún Sigrúnardóttir, 2011

Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Markaðsvæðing kynfruma, útvíkkun hugtaksins ófrjósemi og áhrif þess á konur, kvenlíkamann og kvenhlutverkið eru meginviðfangsefni þessara skrifa. Þau úrræði sem í boði eru við ófrjósemi eru til staðar vegna aukinnar þróunar á sviði líftækni og fyrir tilstilli sérhæfðra læknastofa sem starfa á einkamarkaði. Skapast hefur samkeppnisumhverfi með kynfrumur sem lýtur lögmálum hins frjálsa markaðar. Hins vegar getur ríkjandi orðræða og orðanotkun í þessu samhengi afbakað skilning okkar á eggfrumuheimtingu kvenna, staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni og haft í för með sér normalísingu á æxlunarfærum kvenna. Leitast ég við að máta félagslega mótaðan skilning samfélagsins á kvenhlutverkinu og „eðli” kvenna við raunverulega stöðu kvenna innan hins svokallaða ófrjósemisiðnaðar. Þar sem bandarískt lagaumhverfi er að mestu laust við lagasetningar á sviði líftækni lá beinast við að skoða þróunina þar í landi. Lít ég einnig til heimilda sem greina frá upplifunum kvenna sem hafa verið staðgöngumæður í þeim tilgangi að skoða hvort frásagnir þeirra styðji við viðteknar staðalímyndir um konur. Þegar litið er til niðurstaðna verður að segjast að aukin markaðsvæðing æxlunar og orðræða sem einkennist af meintri og æskilegri velgjörð kvenna hafi styrkt hið ríkjandi kynjakerfi og ýtt undir félagslega mótuð kynhlutverk kvenna. Með því að sveipa markaðsviðskipti orðræðu um fórnfýsi, gjafir og samhjálp hefur skort gagnrýna umræðu um mögulegar afleiðingar slíkrar markaðsvæðingar.

Efnisyfirlit

Útdráttur	i
1. Inngangur	1
2. Kvenhlutverkið.....	3
3. Lögmál markaðshagkerfisins	7
4. Ófrjósemismarkaðurinn	9
5. Markaður með eggfrumur og frysting þeirra	15
6. Er íhlutun stjórnvalda réttlætanleg?	21
7. Þegar kynfrumur verða að einstaklingi með hjálp þriðja aðila -hvað er staðgöngumæðrun?	26
8. Saga staðgöngumæðrunar	27
9. Siðferðileg álitamál tengd staðgöngumæðrun.....	31
10. Staðgöngumæður og speglun kvenhlutverksins.....	36
11. Lokaorð	43
Heimildaskrá.....	46

1. Inngangur

Í kjölfar þess að íslensk hjón urðu innlyksa á Indlandi með nýfæddan son sinn, sem fæddist hjónunum eftir að þau höfðu leitað þjónustu staðgöngumóður þar landi, kviknaði mikil umræða um kosti og galla staðgöngufyrirkomulagsins hér á landi. Hjón þessi stöðu frammi fyrir því að barnið, sem orðið hafði til með notkun kynfruma þeirra en fætt af staðgöngumóðir, varð ríkisfangslaust. Barnið var komið í heiminn, en framtíð þess og sú staðreynd að það hafi fæðst staðgöngumóður í öðru landi, gerði yfirvöldum erfitt fyrir að skilgreina hver væri móður þess og veita því í kjölfarið ríkisborgararétt. Mikill þrýstingur á íslensk stjórnvöld og að stórum hluta smæð stjórnkerfisins, gerði það að verkum að drengnum var veitt íslenskt ríkisfang en með nokkrum tögum þó. Upphófst mikil umræða í samfélaginu um að lögleiða ætti staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni til þess að fólk sem þarfnadist slíkra úrræða myndi ekki leita út fyrir landsteinana og lenda í sömu hremmingum.

Staðgöngumæðrun tengist ekki aðeins barneignum. Þróun læknisfræðilegra uppgötvanna auk markaðsvæðingar bæði egg- og sæðisfruma hefur gert slíkt fyrirkomulag mögulegt og ákjósanlegra en ella, þar sem staðgöngumóðirin þarf nú ekki að hafa líffræðilega tengingu við það barn sem hún ber undir belti.

Án aðgengis að kynfrumum er slíkt fyrirkomulag óhugsandi. Egg- og sæðisgjafir, eða heimting þeirra úr væntanlegum foreldrum er grundvallaratriði þegar kemur að því að „búa til barn“. Kynfrumur sem notaðar eru þurfa ekki endilega að vera úr verðandi foreldrum og hefur því skapast ákveðið viðskiptaumhverfi með slíka hluta mannslíkamans. Læknastofur sem sérhæfa sig í ófrjósemislækningum starfa sem milliliðir og taka við egg- og sæðisgjöfum og borga fyrir þær ákveðnar fjárhæðir, allt eftir tegund, magni og gæðum. Þjónusta þær svo viðskiptavini sína sem leita úrræða, allt frá því að komast yfir kynfrumur vegna ófrjósemi annars aðilans, til uppsetningar og geymslu á fósturvísunum.

Með öllum þessum breytingum á því sem jafnan hefur verið talin ein af frumbörfum mannsins, æxlunni, hefur skilningur okkar á fjölskyldunni, móður – og

föðurhlutverkinu komst á flot. Markaðshagkerfið og kapitalískt samfélagform okkar hefur einnig gert okkur erfitt fyrir að staðsetja framgang þessarar þróunnar sem ásættanlega og svar við óskum okkar, eða óásættanlega og brot á siðferðisvitund okkar.

2. Kvenhlutverkið

Hugmyndir um mannlegt eðli, og þá hugsanlega ólík og jafnvel ósættanleg eðli karla og kvenna, eru ævagamlar. Þær gengu jafnvel svo langt að fela í sér að nánast væri um tvær aðgreindar tegundir fólks að ræða. Tvíhyggjuhugmyndir af þessu tagi hafa einkennt vestræna hugsun allt frá Grikklandi hinu forna og fram á þessa öld. Körlum var þannig eignaður stærri og öflugri heili, enda voru rökhugsun og skynsemi taldar séreign karla. Konur stjórnudust hinsvegar af tilfinningum frekar en skynsemi, heili þeirra var álitinn vanþroska og lítils megnugur og þær því tengdar líkama (móðurlífi) frekar en anda og sál. Talið var að barnastúss og heimilishald væru sniðin að eðlislægri umhyggjuhvöt kvenna en rökvíst karleðlið gerði stjórnun og valdabrölt í bland við óhefta veiðihvöt að „eðlilegum” hluta karlmennskunar. Höfuðandstæðurnar, karl og kona, urðu því að koma saman og fullkomna hvort annað í heilögu hjónabandi. Það var hinsvegar ekki fyrr en á sjötta og sjöunda áratug liðinnar aldar að femínistar höfnuðu á róttækan hátt öllum hugmyndum um „eðli” kynjanna, og beindu sjónum sínum þess í stað að menningar- og félagsbundinni kynjamótun. Talsmenn mótunarhyggju halda því fram að kynjamunur sé fyrst og síðast félagslegt sköpunarverk, eitthvað sem hefur orðið til og er viðhaldið í samfélagi við annað fólk, en ekki eðlislægt fyrirbæri. Þú fæðist kvenkyns (eða karlkyns) en það er samfélagið sem gerir þig að konu (eða karli). Slík samfélagsmótun á sér stað allt í kringum okkur, innan fjölskyldunnar, vinahópsins, í fjölmiðlum, skólakerfinu, á vinnumarkaði og svo framvegis.

Kynjamótunin er sívirk og ein fyrsta birtingarmynd hennar er þegar kornabörn fá bleik eða blá armbönd á fæðingarveidinni. Upp frá því mótar vitundin um kyn alla framkomu og viðhorf til barnsins. Strákum er þannig hrósað fyrir hvað þeir eru stórir og sterkir en stelpur eru hvattar til að vera sætar og fínar. Það voru einmitt mannfræðingar sem ruddu mótunarhyggjunni braut á sínum tíma með því að benda á að kynhlutverk og það sem kallað hafði verið „eðli kynjanna” var ákaflega breytilegt frá einu samfélagi til annars. Hugmyndir um kynjabundinn mun og æskilega hlutverkaskiptingu milli karla og kvenna finnast alls staðar en þær eru breytilegar frá einu samfélagi til annars.

Niðurstaðan var því sú að karl- eða kven-, „eðli“ væri menningarleg afurð en ekki óbreytanlegt náttúruþyrirbæri sem hægt væri að ganga að, óháð samfélagsgerð.¹

Kyngervi (e. gender) er hugtak sem er notað um félagslega tilbúinn hlutverk kvenna og karla. Það sem við teljum kvenlegt og karlmannlegt er lærd hegðun. Kyngervi breytist með tímanum og er mismunandi innan og milli ólíkra menningarheima. Hugmyndin um að bleikt sé kvenlegur litur en blátt sé karlmannlegur er til dæmis félagslega mótuð hugmynd. Hugmyndir okkar um kvenleika og karlmennsku eiga ekki rætur að rekja til líffræðilegra þátta heldur mótast merking þessara eiginleika af menningunni hverju sinni. Kynhlutverk (e. gender roles) eru ákveðin hegðun eða hlutverk sem er tileinkuð öðru kyninu frekar en hinu. Kynhlutverkin eru hluti af menningu okkar og er viðhaldið eða breytast með henni. Þessu tengist hugtakið kynímyndir en það vísar til þeirra staðalímynda sem við höfum um kynin.²

Sylvia Walby lýsir karlmennsku og kvenleika sem svo: „...karlmennska felst í ákveðni, virkni, fjöri og frumkvæði. Kvenleiki felst í samvinnu, hlédrægni, næmni og tilfinningasemi”.³ Naima Browne lýsir einkennunum á svipaðan hátt, að keppnisandi, líkamlegur styrkur og rökhyggja þyki karlmannlegir eiginleikar á meðan hlýðni, umhyggja og samkennd þyki kvenlegir eiginleikar. Hún telur eitt mikilvægasta einkenni karlmenskunnar þó felast í yfirburðum karla yfir konum, karlmennska og kvenleiki séu andstæður, en um leið afar háð hvort öðru. Eftir því sem konur verða kvenlegri verða karlar karlmannlegri – og öfugt.⁴

Kynjakerfið (e. patriarchy) er skilgreint sem félagslegt yfirráðakerfi þar sem karlar njóta góðs af kerfisbundinni undirskipun kvenna. Þetta yfirráðakerfi er samofið samfélaginu og tekur til ólíkra sviða þess sem öll tengjast þó innbyrðis. Þó skilgreiningin feli í sér að karlar hafi yfirráð yfir konum er ekki þar með sagt að allir karlar hafi yfirráð yfir öllum konum heldur að samfélagið einkennist af þessari valdaskipan. Kynjakerfið er til komið vegna sögulegs samhengis, samfélagið er mótað og skilgreint af körlum fyrir karla. Mikilvægt er að fjalla um kynjakerfið sem félagslegt

-
- 1 Þorgerður Þorvaldsdóttir. „Er í alvöru til eitthvað sem heitir eðli, hjá mannfólki og sem munur á mill kynjanna?“. *Vísindavefurinn* 3.11.2000. <http://visindavefur.is/?id=1084>. (Skoðað 1.9. 2011).
 - 2 Vefur Jafnréttisstofu, orðabók. <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadDocument&ID=37&DocCatID=20> (Skoðað 2. 9. 2011).
 - 3 Sylvia Walby, *Theorizing Patriarchy* (Oxford. UK Blackwell, 1997), 91
 - 4 Naima Browne, *Gender Equality in the Early Years* (Berkshire, Open University Press, 2004), 77

og kerfislægt mynstur vegna þess að því „fer fjarri að hver einasti karlmaðir hafi yfirráð í krafti kyns síns og hver einasta kona sé undirskipuð vegna kyns síns”.⁵

Því er oft haldið fram að uppsprettan að yfirráðum karla liggi í móðurhlutverki kvenna, barneignum og brjóstagiöf. Ábyrgð kvenna á börnum hefur vissulega gert þær háðari körlum. Þessar skýringar eru hins vegar alhæfandi og sögulausar og smætta félagslega þætti niður í líffræði. Líffræðilegt hlutverk kvenna er fyrst og fremst félagslegt. Það getur oft reynst auðveldara að breyta hinu líffræðilega en hinu félagslega. Sem dæmi um þetta hefur Lynn Segal nefnt þelann, en auðveldara reyndist að hanna þelann en að skapa aðstæður sem fá karlmenn til að gefa börnum þelamjól.⁶

Kynjaorðræða (e. gender discourse) samfélagsins er hluti af kynjakerfinu. Orðræða er skilgreind sem „...kerfi hugmynda, orða og viðhorfa sem leggja grunn að þekkingu og lífsviðhorfum sem samþykkt eru í samfélaginu. Þetta hugmyndakerfi er nauðsynlegur lykill að félagslegum skilningi og athöfnum”⁷ Fræðafólk sem greint hefur verið frá hér að framan er sammála um að hefðbundin kynhlutverk séu skýr og skipti máli í uppvexti barna og unglunga. Notuð hafa verið ólík orð til að lýsa þeim eiginleikum sem taldir eru einkenna kynhlutverkin en öll miða þau að hinu sama. Segja má að karlmennska felist í sjálfstrausti, frumkvæði, virkni, hreysti, snerpu, samkeppni, líkamlegum styrk, rökhyggju og yfirburðum yfir konum. Kvenleiki, sem er andstæða hins karlmannlega, felst í fínleika, fegurð, samvinnu, hlédrægni, næmni, tilfinningasemi, hlýðni, umhyggju, samkennd og samviskusemi.⁸

Samkvæmt Connell getur kyngervi verið útlistað á þann veg að æxlunarfræðilegar skilgreiningar sem fela í sér líkamsgerðir og framgang mannlegrar æxlunar skipuleggi venjur á öllum sviðum félagslegs veruleika, allt frá sjálfsmýndum fólks, athafna þess sem hafa táknræna merkingu, til stofnanna sem hafa víðtæk áhrif í samfélaginu.⁹ Karlmennska og kvenleiki geta orðið „viðfangsefni kyngervis” í lífi einstaklinga, en þessar ímyndir vísa ekki endilega til sérstakrar gerðar af fólki.¹⁰ Það sem meira er og telst mikilvægt innlegg Connell, er að ríkjandi kynjakerfi virkar ekki

5 Walby, *Theorizing Patriarchy*, 20

6 Lynne Seal, *Is the future female? Troubled Thoughts on Contemporary Feminism* (London: Virago Press, 1987), 101

7 Browne, *Gender Equality in the Early Years*, 6

8 Sóley Tómasdóttir, „Þau eru svo ólík.” (Ritgerð í hagnýtum jafnréttisfræðum, Háskóli Íslands, 2008), 9

9 R.W. Connell, *Masculinities*, (Berkeley: University of California Press, 1995), 71

10 R.W. Connell, *The Men and the Boys*, (Berkeley: University of California Press, 2000), 66

aðeins í krafti undirskipunar ríkjandi karlmennsku á kvenleikanum, heldur einnig vegna undirskipunar og jaðarsetningar á öðrum karlmennskuímyndum. Connell skilgreinir ríkjandi karlmennsku sem „stöðu og venjur sem kynjakerfið gefur sér sem svar við lögmæti feðraveldisins og tryggir ríkjandi stöðu karla og undirskipun kvenna.”¹¹ Ekki er til staðar ríkjandi kvenleiki heldur eru allar gerðir kvenleikans í samfélaginu þannig samsettur að lúta undirskipun kvenna af hálfu karla.

Litið hefur verið á konuna frá örófi alda sem hina umhyggjusömu móður. Þrátt fyrir miklar samfélagsbreytingar og aukin réttindi kvenna er félagslega mótað kynhlutverk hennar enn hluti af því kynjakerfi sem snertir allar okkar gjörðir.

11 Connell, *Masculinities*, 77

3. Lögmál markaðshagkerfisins

Í fyrstu er nauðsynlegt að bera kennsl á hvað liggur til grundvallar markaðsstarfsemi. Markaðir í sjálfum sér, eru ekki í eðli sínu til þess fallnir að vernda eða hafa í hávegum réttindi af einhverjum toga. Innan þeirra eru ekki innbyggð markmið burtséð frá þeirra eigin virkni, engin sérstök skuldbinding til staðar við þá sem lifa og hrærast innan þeirra. Í rauninni eru markaðir algjörlega ópersónulegir og einkennandi fyrir þá eru mekanismar sem leiða saman seljendur og kaupendur, framboð og eftirspurn í keðju af víxlverkandi aðgerðum sem mynda verð. Samkvæmt Douglas North, fyrrum Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði, starfa markaðir eftir fyrirmælum stjórnvalda og í skjóli þeirra auk viðeigandi stofnana. Þegar þeir starfa sem best sameina þeir hagkvæmni og háþyrkingu arðs. Innan þeirra er ekki til staðar rými fyrir félagsleg markmið eins og réttlæti eða jafnrétti, og engin ástæða til að halda að markaðir muni án afskipta leggja til þessa viðbótareiginleika. Þó svo að markaðir séu ekki gerðir til að virða félagsleg réttindi, er ekki þar með sagt að þeir séu ófærir um það; hins vegar eru þeir í grunninn hlutlausir á því sviði. Í sögulegi samhengi höfum við nokkuð góða hugmynd um hvað veldur markaðsbrestum. Ekki eru þeir til þess fallnir að útdeila samgæðum, t.d fersku lofti eða vegasamgöngum – þar sem kostnaður er borin af fáum en gæðin eru notuð af mörgum. Markaðir eru heldur ekki til þess fallnir að búa til gæði sem koma úr sameiginlegum auðlindum, Atlandshafsporskurinn eða skoskur lax hér sem dæmi. Markaðirnir starfa þó í þessum tilvikum en eru gjarnir á að ýta undir offramleiðslu þess varnings eða eyðileggja þær auðlindir sem gefa hann af sér – og hafa þar með slæm áhrif á samfélagið.¹²

Markaðsstarfsemin kemur víða við sögu í okkar daglega lífi. Við erum gerendur á markaði við hverja okkar hreyfingu. Með því að aka til vinnu eða skóla notum við ökutæki sem ganga fyrir eldsneyti, við nærumst með því að verða okkur út um matvæli

12 Debora L. Spar, „Free Markets, Free Choice? A Market Approach to Reproductive Rights,“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstj. Michele Bratcher Goodwin. (Cambridge University Press 2010), 177-8

og greiðum fyrir þau uppsett gjald, frítími okkar krefur okkur um sífellt meiri aðgang að afþreyingu og á síðastliðnum áratugum hafa gjörðir okkar í svefnherberginu óðum verið markaðsvæddar og færðar í annað umhverfi, eða inn á rannsóknarstofuna.

4. Ófrjósemismarkaðurinn

Eins og aðrir markaðir, skiptist svokallaður „markaður með börn” í mismunandi markaðseiningar. Sterkur og vaxandi viðskiptamarkaður er til staðar í hverjum þessara hluta, m.a. þriggja milljarða króna markaður á sviði æxlunartækni, markaður með sæði og eggfrumur þar sem kynfrumur er verðlagðar allt frá 12.500 krónum að 11, 5 milljónum. Auk þess er til staðar hinn umdeildi en vaxandi markaðar staðgöngumæðrunnar og loks ættleiðingar á alþjóðvísu.¹³

Það er erfitt að hugsa sér barn sem verslunurvöru, meira að segja í byrjun 21. aldarinnar, sem knúin er áfram af tæknilegum framförum og markaðskapítalisma, þá ályttum við svo að sumir hlutir standi utan við markaðshagkerfið og vísindin, að þeir séu í raun ekki falir. Í efnahagslegu samhengi skilgreinum við þessi fyrirbæri; s.s. ástina, sannleikann, líffæri mannsins og ungabörn sem óafsalanleg. Hins vegar á hverjum degi, í nær hverju landi eru ungabörn og börn að ganga kaupum og solum. Innan ákveðins geira læknávisindanna fara fram viðskipti sem er ólík þeim sem við eigum að venjast. Um er að ræða læknisþjónustu sem lýtur markaðslögmálum og byggist á þjónustu á sviði líffækni. Líffæknin snýst um að bjóða úrræði við ófrjósemi. Oftar en ekki virðist meirihluti þessara viðskipta standa utan við hið hefðbundna markaðshagkerfi. Börn sem þarfnast ættleiðingar eru t.d aldrei „seld” heldur komið fyrir hjá foreldrum sem henta sem framtíðar fjölskylda þeirra. Egg eru „gefin” og staðgöngumæður „bjóða” þjónusta sína þeim sem ófrjóir eru. Hins vegar þegar foreldrar kaupa egg eða sæði, semja við staðgöngumóðir, velja barn til ættleiðingar eða fósturvísir til uppsetningar þá eru þeir að stunda viðskipti.¹⁴

Þessi markaður, er hins vegar að miklu leyti óþekktur. Engum líkar að viðurkenna að stunda framleiðslu á börnum eða hirða gróða í því ferli. Enginn vill mæla

13 Kimberly D. Krawiec, „Price and Pretence in the Baby Market,” í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstj. Michele Bratcher Goodwin, (Cambridge University Press 2010), 42

14 Debora L. Spar, formáli í *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception* (Boston: Harvard Business School Press, 2006), ix-xix

fyrir því að markaður með börn eigi að vera til staðar eða að þeim sem hann stundi skuli vera settir ákveðnir lagarammar. Þess vegna einkennir þennan iðnað lagalegt ósamræmi og lagalegar glufur sem spanna allan heiminn. Markaður með úrræði til handa ófrjóum hefur alltaf verið til staðar. Í byrjun tuttugustu aldarinnar byrjuðu hins vegar hlutirnir að breytast. Í fyrsta sinn fóru lækningar og vísindamenn að velta fyrir sér líkamlegum orsökum ófrjósemi og með mismunandi aðferðum sem margar hverjar skiluðu árangri. Með framþróun þessara úrræða myndaðist hin mikilvæga framboðshlið ófrjósemisíðnaðarinnar sem hittir þar fyrir hina miklu eftirspurn. Þrjú sérstök atriði þróunarinnar gáfu þessum iðnaði byr undir báða vængi. Í fyrsta lagi kom til aukinn skilningur á líffræði æxlunarinnar. Í öðru lagi uppgötvun á hormónum og þróun innkirtla – og hormónafræða. Í þriðja lagi og hvað merkilegust var uppgötvun glasafrjóvgunar en sú tækni sem hneykslaði heiminn árið 1978 og kom málefnum ófæddra barna inn í pólitíska og félagslega hringið.¹⁵ Glasafrjóvgun er samkvæmt íslenskum lögum; „aðgerð þegar eggfruma, sem numin hefur verið úr líkama konu, er frjóvguð með sæðisfrumu utan líkamans”.¹⁶

Þegar um læknisfræðilegt ástand er að ræða og það um leið skilgreint sem sjúklegt, liggur þetta skilgreiningarvald hjá læknisfræðilegum yfirvöldum. Um leið og ákveðið ástand hefur verið skilgreint sem sjúkdómur (eða undirliggjandi sjúkdómur eða undanfari sjúkdóms), verður aðkallandi að meðhönda slíkt sem vandamál og ekki spurning hvort slíkt sé gert, heldur hvernig og hvenær. Læknisfræðilegar nýjungar sem upphaflega voru þróaðar til hjálpar þeim ófrjóu að geta börn hafa breiðst út og orðið til þess að aðrir hópar fólks eiga nú kost á að eignast líffræðilega tengd börn. Á sama tíma stuðlar sú útbreiðsla að því að fleiri tegundir líkama og meðgangna eru viðfangsefni sjúkdómsvæðingarinnar. Um leið og ástand eða vandamál er skilgreint sem sjúkdómur eða sjúkleiki, eru mörk hugtaksins ekki lengur fastskorðuð, heldur er viðfangsefnið sjálft hæft til útvíkkunnar. Aukin notkun ýmissa ófrjósemisúrræða bera þess merki. Tækninýjungar sem fundnar voru upp til að aðstoða einn hóp af fólki til lausnar á tiltekna líffræðilegum vandamálum, eru svo notaðar af öðrum hópi í ólíkum aðstæðum með ólíkar þarfir. Þessi útvíkkun breytir inntaki hugtaksins ófrjósemi og frjósemi og

15 Spar, *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, 17

16 Lög um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996

endurskilgreinir skilningi okkar á þeim.¹⁷

Þegar kemur að úrræðum sem markaðurinn hefur gegn eða við ófrjósemi verðum við að byrja á byrjuninni, eins og í hverju öðru markaðsúrræði, eða þegar framboð og eftirspurn mætast og mynda einhvers konar viðskiptasamband. Komast þarf að því hvað knýr eftirspurnina, hvernig framboðið ákvarðast og í kjölfarið, hvernig verðmyndun verður til. Fyrsta skrefið í greiningunni er einfalt. Eftirspurnin er nær stöðug. Ríflega 10-15% af öllum fullorðnum einstaklingum upplifa ófrjósemi af einhverju tagi. Hér geta vandamálin verið hjá karlmönnum eða konum eða óútskýrð. Þegar kemur að eftirspurninni, skiptir vandamálið ekki höfuð máli, heldur er það sú staðreynd að 10-15% af fólksfjölda í hverju samfélagi á hverjum tíma stendur frammi fyrir vandamáli sem ýtur undir eftirspurn. Eftirspurnin er eftir börnum, sem þau geta ekki eignast. Hins vegar er eftirspurn þessa markaðar ekki nákvæmlega óteygjin, eins og hagfræðingar myndu skilgreina sem „þjónustu þar sem verðbreytingar hafa næstum engin áhrif á hegðan neytenda”.¹⁸ Fólk sem leitar úrræða við ófrjósemi lítur til verðsins á þjónustunni, kaupir svo meira af henni þegar verðið lækkar, en oftast nær kaupir fólk með vonina eina og sér sem hvata, ekki gróða eða gæði þjónustunnar sem um ræðir og miðar þess vegna eyðslu sína við þær bjargir sem til staðar eru hverju sinni. Hægt er að orða þetta á harðneskjulegri máta; þegar væntanlegir foreldrar stíga fram á þennan markað, hugsa þeir í raun ekki um virði þjónustunar, meðferðarinnar eða lyfjanna sem þeir ætla að kaupa. Þeir geta það ekki vegna þess að það sem þeir eru að kaupa hefur ekkert verðgildi í sjálfu sér. Í staðinn hugsa þeir einfaldlega um það sem þeir hafa efni á því að greiða.¹⁹

Þegar litið er á eftirspurnarhlið markaðarins er megin spurningin; hverjir þurfa á æxlunartækninni að halda og hverjir hafa kost á því? Meginhluti markaðarins samanstendur af ófrjóum pörum og einstaklingum sem eru ófrjóir eða þeim sem vegna kynhneigðar sinnar eða annarra sérhæfðra þátta eru ófærir um að geta barn. Aðeins minnihluti þeirra sem glímur við ófrjósemi hefur vöð á þjónustunni sem í boði er. Í einhverjum tilvikum er um að ræða persónulegt val viðkomandi vegna siðferðilegra og/eða líkamlegra þátta sem geta verið hluti af meðferðarúrræðunum. Þetta getur falið í

17 Lauren Jade Martin, „Anticipating Infertility: Egg Freezing, Genetic Preservation, and Risk.” *Gender & Society*. Vol. 24, No. 4 (Ágúst 2010), 528-31

18 N. Gregory Mankiw og Mark P. Taylor, *Economics* (London, South-Western Cengage Learning, 2008), 88

19 Spar, *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, 31-3

sér trúarleg viðmið sem staðið geta í veg fyrir því að fólk leiti sér meðferðar. Einnig er lagasetning áhrifavaldur þar sem fólki getur verið mismunað á grundvelli kynhneigðar. Í öðrum tilvikum er þetta spurning um aðgengi að markaði. Í sumum löndum eru æxlunarlækningar hluti af heilbrigðisþjónustu ríkisins en í öðrum er litið á úrræðin sem þjónustu sem flokkast undir munað og er því aðeins aðgengileg þeim sem fjárráð hafa til. Auk aðgengis að markaðnum er til staðar mikilvægt mál tengt eftirspurninni eftir þjónustunni. Ástand sumra sjúklinga gerir það að verkum að þeir verða nokkurs konar fangar þjónustunnar. Fyrir margar konur og pör er ófrjósemi uppspretta gífurlegrar þjáningar. Margir verða örvæntingafullir í von um að geta barn og eru þess vegna tilbúnir að notfæra sér hvaða tækni sem er ef hún býður upp á möguleika til árangurs. Sjúklingar geta gert lítið úr þeirri áhættu sem til staðar er og um leið gert meira úr mögulegum kostum þjónustunnar með því að krefjast fleiri aðgerða sem hafa í raun litla möguleika á að skila árangri. Þess vegna eru þeir berskjaldaðri fyrir misnotkun af hálfu þeirra sem veita þjónustuna, sem um leið gera meira úr möguleikunum á skilvirkni aðgerðanna.²⁰

Jafnframt ber framboðshlið þessa markaðar með sér sín séreinkenni. Í fyrsta lagi hefur iðnaðurinn, ef iðnað má kalla, stækkað gríðarlega á síðustu tveimur áratugum. Árið 1986 voru u.þ.b. 428 ófrjósemisstofur í Bandaríkjunum. Árið 2002 voru ófrjósemisstofurnar orðnar 1000. Myndast hefur markaður með ófrjósemisúrræði, þar sem aðgangur er takmarkaður og stærð gerendanna á markaðnum skiptir höfuðmáli. Í aðalhlutverki eru sérfræðingar sem sérhæfa sig í innkirtla- og hormónafræðum, sérfræðilæknar sem aðeins verða að gerendum eftir áralangt nám. Fjöldi ófrjósemisstofa er því bundinn við fjölda sérfræðinga hverju sinni. Stofurnar þurfa nú einnig að mæta kröfunni um að vera stórtækari á markaði sem þýðir að fyrirtækin og stofurnar þurfa að þjónusta fleiri til þess eins að mæta grunnkostnaði. Afleiðingar þessa skilar sér í að „framleiðsla” í ófrjósemisiðnaðinum bundinn ákveðinni einokun og samanstendur af nokkrum stórum gerendum. Þeir eru á sviði hormónalækninga og lyfja, ófrjósemisstofur og sæðisbankar, standa þeir fyrir stærstum hluta af heildarviðskiptunum.²¹

Annar áhrifavaldur á aðgengi fólks að æxlunarfræðilegri þjónustu enn hátt verð

20 John A. Robertsson; „Commerce and Regulation in the Assisted Reproduction Industry,” í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstj. Michele Bratcher Goodwin, (Cambridge University Press 2010), 192-3

21 Spar, *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, 33

hennar og lagasetningar ákveðinna landa um hvaða meðferðir eru leyfilegar og hverjir eigi rétt á þeim. Siðferðileg álitamál eru þó ólíklegri til að hafa áhrif á glasafriðvöganir frekar en eggfrumugjafir og rannsóknir á fósturvísu. Æxlunarferðamennska er hins vegar í boði fyrir þá sem tilbúnir eru að borga.²²

Orðræðan um ófrjósemi, sem nær einnig yfir þá smán sem margir upplifa vegna barnleysis, hefur áhrif á úrval tæknilegra úrræða og þjónustu sem er til staðar og markaðsetningu til þeirra sem ætla sér að eignast sín eigin börn en eru ekki að því nákvæmlega á þessum tímamarki. Sjúkdómsvæðing ófrjóseminnar hefur breiðst út að það miklu marki að áhrif þessa gætir meðal þeirra sem ekki glíma við ófrjósemi – einnig þeirra sem ekki hafa bjargir til að nálgast þessi úrræði og nýta sér þau. Þetta er hugsanlega hvað sýnilegast þegar kemur að frystingu eggfruma, sem leggur til sjúkdómsvæðingu þeirra sem aðeins vænta ófrjósemi í framtíðinni. Sá frumspekilegi flokkur sem Martin kallar „væntanlega ófrjósemi“ gæti verið notaður til að lýsa þessum hópi. Ekki er um að ræða læknisfræðilega greiningu heldur félagsfræðilegan samnefnara fyrir það ástand þegar fólk trúir því að það gæti orðið ófrjótt í framtíðinni.²³

Hvort sem um ræðir „nýjar“ eða „gamlar“ aðferðir við æxlun eiga þær það sameiginlegt að vera gervi eða manngerð innrás inn í mannlíkamann – að langmestu leyti kvenlíkamann. Í auknu mæli er stjórnin tekin úr höndum einstaklinganna sjálfra og látið í té sérfræðingum. Slík þróun á sér þó ekki stað í tómarúmi heldur endurspeglar hún hagsmuni, þarfir og óskir þeirra sem völdin hafa. Í kjölfarið verður að líta á þá „gömlu“ og „nýju“ tækni í æxlunarfræðum sem valdamikið félags- og efnahagslegt verkfæri til stjórnunar.²⁴ Ófrjósemismarkaðurinn mælir árangur sinn í magni, hversu margir fósturvísar eru búnir til, hversu margar meðgöngur verða að veruleika og hveru mörg börn fæðast. Þessi fjöldi reiðir sig að mörgu leyti á að komast yfir sem flestar heilbrigðar eggfrumur. Til að komast yfir þær þarf að ná til ungra, heilbrigðra kvenna með útlit sem selur, góða læknaögu, góðar meðaleinkunnir og aðra eiginleika. Hver gjöf þarf að gefa af sér mikinn fjölda eggja og viðhafa þarf vinnubrögð sem halda í slíka

22 Robertsson, „Commerce and Regulation in the Assisted Reproduction Industry,“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, 195

23 Martin, „Anticipating Infertility: Egg Freezing, Genetic Preservation, and Risk,“ 533

24 Renate Duelli Klein, „What's „new” about the „new” reproductive technologies?,“ í *Man Made Woman: How New Reproductive Technologies Affect Women*, ritstj. Gena Coera, (London : Hutchinson, 1985), 65

gjafa til þess að þeir endurtaki eggfrumugjöfina þegar þörf krefur.²⁵

Með aukinni sérfræðipækkingu á sviði æxlunarlækninga hafa komið fram úrræði sem hjálpað geta fólki að kljást við ófrjósemi. Hins vegar hefur tæknin einnig útvíkkað skilning okkar á hugtakinu ófrjósemi sem í hugum okkar telst nú óhjákvæmleg með hækkandi aldri og hrörnun líkamans. Með markaðsvæðingu kynfruma hafa líffræðilegir hlutar okkar orðið að verslunarvörum án þess að siðferðileg hugsun okkar nái í raun utan um slík viðskipti. Með því að ástand ófrjóseminnar sé gert að læknisfræðilegum kvilla og þarafleiðandi skilgreint sem sjúklegt, höfum við lagt samþykki okkar við mögulegum úrræðum við þessu sjúklega ástandi. Sala egg- og sæðisfruma auk tæknifrjóganna, tæknisæðinga og ræktunar á fósturvísunum fer að miklu leyti fram á einkamarkaði þar sem gerendur lúta markaðslögmálum um framboð, eftirspurn og verð. Í hugum okkar er þráin eftir barni hafin yfir markaðslögmál, kaup og sölu. Þarna geta hagsmunir stangast á og skapað ójafnvægi, bæði í hinu hefðbundna markaðsumhverfi og í hugum þeirra einstaklinga sem þrá ekki annað en að eignast barn þar sem uppgjöf er ekki valkostur og úrræðin sem í boði eru virðast ótæmandi, allt eftir fjárhagslegri getu hvers og eins.

25 Lisa C. Ikemoto, „Eggs, Nests, and Steem Cells“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstj. Michele Bratcher Goodwin, (Cambridge University Press 2010), 240

5. Markaður með eggfrumur og frýsting þeirra

Femínískar rannsóknir hafa í miklu mæli skrásett mörg þúsund ára stjórn samfélagsins yfir kvenlíkamanum, þó sérstaklega þegar kemur að líffræði æxlunarinnar. Æxlunarfæri kvenna hafa spilað stórt hlutverk í kúgun karla á konum sem einstaklingum og félagslegum hóp. Feðraveldið í fortíð og nútíð gerir tilraunir til að móta konur og ímynd þeirra og þarafleiðandi ná stjórn yfir lífum þeirra.²⁶ Kvenlíkaminn virðist dæma konuna til þjónustu við æxlun mannkynsins á meðan karlinum skortir þessa líkamlegu virkni og verður því, eða hefur tækifæri til þess, að nota sýna færni til sköpunar meira út á við, á „ónáttúrulegan“ hátt í gegnum miðlun tækninnar og tákna. Með því að gera það skapar hann notadrjúga, ódauðlega, stórfenglega hluti, á meðan konan skapar aðeins viðkvæma ódauðlega hluti – manneskjur.²⁷

Þegar konur eldast hefur það áhrif á gæði eggfrumanna, frjósemi og þar með möguleika þeirra á að geta barn. Árið 1984 hins vegar, breyttist skilningur okkar á framangreindu þegar fyrsta heppnaða eggfrumugjöfin átti sér stað. Í þessu tilviki voru eggfrumur fjarlægðar úr líkama ungrar konu og frjóvgaðar með tæknifrjóvgun með sæði eiginmanns eldri konu. Við þetta varð til fósturvísir sem svo var komið fyrir í legi eldri konunnar til þess að dafna og verða að barni.²⁸

Með tilkomu tækninýjunga á sviði æxlunar og aðferða eins og tæknifrjóvgunum, eggfrumugjöfum og erfðafræðilegum rannsóknum, hefur sú viðleitni sem læknisfræðin sýnir líkómum kvenna sem mögulegra mæðra og viðfangsefna læknisfræðinnar breyst í átt að því að líta á konur sem verðmæta auðlind í „framleiðslu á börnum“. Á sama tíma umbreytir þessi viðleitni menningalegum hugmyndum um getnað og foreldrahlutverkið.²⁹

Framboð á eggfrumum er ekki jafnmikið á markaði eins og framboð á sæði.

26 Klein, „What's „new” about the „new” reproductive technologies?,“ í *Man Made Woman; How New Reproductive Technologies Affect Women*, 65

27 Sherry B. Ortner, „Is Female to Male as Nature is to Culture?“, í *Woman, Culture and Society*, ritstj. Michelle Zimbalist Rosaldo og Louise Lamphere, (Stanford, California: Stanford University Press, 1974), 75

28 Nanette R. Elster, „Egg Donator For Research and Reproduction: The Compensation Conundrum“, í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstj. Michele Bratcher Goodwin, (Cambridge University Press 2010), 227

29 Martin, „Anticipating Infertility; Egg Freezing, Genetic Preservation, and Risk“, 528

Ástæður þessa þykja nokkuð augljósar. Ólíkt sæðisgjöf, sem felur í sér 15 mínútna skuldbindingu, smá skammt af niðurlægingu og erfiði, þá er framkvæmdin önnur og flóknari í tilfelli eggjagjafar. Í fyrstu þarf gjafinn að samþykkja að gangast undir þriggja vikna hormónameðferð sem felur m.a í sér daglegar sprautur sem gera það að verkum að eggjastokkarnir bregðast við með því að framleiða meira magn af eggfrumum. Á meðan á þessu þriggja vikna tímabili stendur þarf gjafinn ítrekað að fara til læknis, gangast undir blóðprufur og fara í ómskoðanir til að ganga í skugga um að eggfrumurnar séu til þess fallnar að vera gjafaeggfrumur. Að lokum, þegar eggfrumurnar eru „tilbúnar“ gengst gjafinn undir stutta aðgerð sem felur í sér að eggfrumurnar eru fjarlægðar frá eggjastokkunum með ómskoðunartæki sem tengt er við nál. Oftast nær getur aðgerðin haft í för með sér óþægindi af völdum geðsveiflna eða bólgna í móðurlífi, þá þjást sumar konur af ofurnæmni (e. hyperstimulation) sem er sársaukafullt ástand þar sem eggjastokkarnir framleiða of mikið af eggfrumum og líkaminn bregst við með bólgu og mikilli vökvasöfnun. Aðrar þjást af blæðingum, en sjaldgæfust eru þó ónæmisviðbrögð við hormónameðferðinni. Langtímaafleiðingar eggjagjafar eru enn óþekktar.³⁰

Hagsmunaaðilar um heilslufar kvenna hafa haldið því fram að upplýsingar um heilsufarsleg áhrif eggfrumugjafar séu ónægilegar. Mesta heilsufarsáhættan er fólgin í notkun lyfja sem stjórna starfsemi eggjastokka og hormónakerfis eggfrumugjafanna. Ekki eru til langtímarannsóknir á áhrifum þessara lyfja. Hægt er að segja að með því að ónógar upplýsingar um áhrif eggfrumugjafar séu til staðar, geri það konur ófærar um að taka meðvitaða, upplýsta ákvörðun er varðar áhrif eggfrumugjafa á líkama sinn.³¹ Margir sérfræðingar telja frystingu eggfruma enn vera á tilraunastigi. Líkt og heimting á sæði sem nota á síðar, gerir frysting eggfruma konum kleift að láta fjarlæga eggfrumur sínar og geyma þær til notkunar í framtíðinni. Þannig getur kvenlíkaminn elst á meðan hlutar konunnar sjálfrar sem aðeins sjást í smásjá eru enn til staðar, aðeins frosnir og eldast ekki, heldur viðhalda sér í nokkurs konar tímalausri tilvist. Þessir örsmáu hlutar konunnar geta svo verið endurheimtir í framtíðinni. Þeir er afþýddir, frjóvgaðir með tæknisæðingu og fluttir inn í líkama konunnar að nýju. Henni er skipt í tvo hluta; hennar yngra sjálf sem egggjafa og hið eldra sjálf sem tekur við gjöfinni, þessi tvö sjálf,

30 Spar, *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, 43

31 Ikemoto, „Eggs, Nests, and Stem Cells“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, 244

aðskilin að tíma og reynslu.³²

Eftirspurnin eftir eggfrumum er mun meiri en framboðið af þeim á markaði, sem er einn af þeim þáttum sem ýtir undir þær áhyggjur að mikill hvati sé til staðar fyrir ungar konur til að gangast undir hormónameðferð sem örvar virkni eggjastokkanna, sem aftur skilar sér í fleiri eggfrumum sem mögulegt sé að fá greitt fyrir. Vegna skorts á eggfrumum á sviði ófjösemislækninga og aukinnar eftirspurn eftir þeim til notkunar við líffræðilega klónun í lækningaskyni, hefur hættan á því að eggfrumurnar verði að verslunarvöru aukist og þær konur sem gefa egg orðið berskjaldaðri fyrir því að taka við enn hærri peningaupphæðum fyrir hverja eggfrumugjöf og erfiðara er fyrir þær að meta áhættuna sem eggfrumugjöfin hefur í för með sér. Beeson og Lippman halda því fram að líffæknin geti haft mikla möguleika þegar kemur að því að meðhöndla læknisfræðilega kvilla en þegar hún er sett í samhengi ónógrar reglusetningar og gríðarlegrar félagslegrar misskiptingar, sé mikil hætta á því að áhrif hennar muni gera líkama kvenna að verkfærum í höndum þeirra sem hafa meiri og betri félagsleg réttindi.³³

Í Bandaríkjunum er mögulegt að kaupa eggfrumu úr konu að eigin vali með því að borga frá 2.500- 50 þúsund dali, eða frá rúmlega 290 þúsund – 5,8 milljóna íslenskra króna, allt eftir genasamsetningunni.³⁴ Á Íslandi er starfandi ein stofa sem sérhæfir sig í ófrjósemislækningum. Samkvæmt upplýsingum á heimsíðu ART Medica starfar þar þverfaglegur hópur sérfræðinga sem leitast við að fylgjast með nýjungum og þróun í tæknifrjóvgunum. Tekið er fram að „markmið þeirra sé að hjálpa þörum að ná markmiðum sínum um að eignast heilbrigt barn og veita bestu mögulegu þjónustu sem völ er á.” Stofan er einkarekin af læknum Guðmundi Arasyni og Þórði Óskarsyni.³⁵

Konur sem þiggja eggfrumugjafir eru oftast konur sem standa frammi fyrir því að eggjastokkar þeirra hafa ekki viðhaldið lífvænlegum eggfrumum, hugsanlega vegna bráðra tíðahvarfa, sjúkdóma eða krabbameinsmeðferða, konur sem hafa þurft að láta fjarlægja eggjastokka sína eða konur sem eru fæddar án þeirra. Samkvæmt Nanette R. Elster og skrifum hennar í grein sinni *Egg Donation For Research and Reproduction:*

32 Martin, „Anticipating Infertility; Egg Freezing, Genetic Preservation, and Risk“, 527

33 Elster, „Egg Donaton For Research and Reproduction: The Compensation Conundrum,“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, 231

34 Debora L. Spar, formáli í *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception* (Boston: Harvard Business School Press, 2006), ix-xix

35 Heimasíða Art Medica; <http://www.artmedica.is/id/406> , (skoðað 2. 9. 2011).

The Compensation Conundrum eru eggfrumugjafar oftast á aldrinum 21-34 ára, heilbrigðar og í tilfinningalegu jafnvægi. Til að ganga úr skugga um að gjafinn uppfylli þessar kröfur gengst hún undir líkamlegar og sálfræðilegar rannsóknir. Í Bandaríkjunum hafa verið settar til viðmiðunar kröfur af fræðasamfélagi á sviði æxlunarfræða (*The American Society for Reproductive Medicine*) sem samanstendur af sérfræðilæknum í faginu. Til að nálgast eggfrumugjafana er oftast stofnað til sambands við þá í gegnum blaðaauglýsingar. Þetta er annað hvort gert í gegnum ófrjósemisstofurnar eða af aðilum sem starfa sem miðlunaraðilar á milli frumugjafanna og þeirra sem sækjast eftir eggfrumugjöf. Gjafirnar eru annað hvort undir nafnleynd eða frá vinkonu eða fjölskyldumeðlimi. Eggfrumugjafar fá greitt á bilinu 3-10 þúsund dali eða frá 340 þúsund að 1,1 milljón króna fyrir hverja eggfrumuheimtingu. Talið er að næstum $\frac{3}{4}$ hlutar af öllum eggfrumum komi frá konum á háskólaaldri. Sú staðreynd að flestar konur sem gefa eggfrumur séu í háskóla gefur til kynna að hæsta verðið fáiast fyrir eggfrumur úr konum sem eru menntaðar.³⁶ Á Íslandi er greitt svokallað „óþægindagjald“ sem er frá 75-100 þúsund krónum, allt eftir eggheimtu þó. Konur sem óska eftir eggfrumugjöf gangast undur svokallaða gjafaeggjameðferð hjá ART medica og kostar hún 200 þúsund krónur. Ekki kemur fram að eggfrumugjafar séu skyldugir að tala við félag- og eða sálfræðing áður en þeir gefa egg.³⁷

Markaðurinn með eggfrumur reiðir sig á konur sem tilgreina velgjörð sem og efnahagslegar ástæður fyrir þátttöku sinni. Þær vilja hjálpa öðrum að eignast barn. Það að sýna fram á velgjörð sem ástæðu fyrir eggfrumugjöf er notað sem viðmið í sálfræðilegum prófunum í Bandaríkjunum á væntanlegum eggfrumugjöfum. Með því að gjörningurinn í sjálfum sér sé gerður að velgjörð, styrkist sú tilgáta að þessi viðskiptatengsl samræmist frekar þeim siðferðilega skilningi okkar að ekki eigi að umgangast mannslíkamann sem eign. Þetta sýnir einnig kaupandann lausan við siðferðileg ábyrgð og í samúðarfullu ljósi, fjarlægir hann einnig frá því að eiga yfir höfði sér siðferðilegar ásakanir. Hin meinta velgjörð sem umlykur eggfrumugjafann og þann sem fær eggfrumurnar að gjöf færa heimtingu eggfrumu úr samhengi markaðsumhverfisins inn í hið persónulega vé fjölskyldumyndunar.³⁸

36 Elster, „Egg Donaton For Research and Reproduction: The Compensation Conundrum,“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, 227

37 Heimasíða Art Medica, <http://www.artmedica.is/id/402>, (skoðað 2. 9. 2011).

38 Ikemoto, „Eggs, Nests, and Steem Cells“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, 246

Femíniskir fræðimenn hafa verið að greina og rökræða um þær félagslegu, pólitísku og efnahagslegu útfærslur tækninýjunga á sviði æxlunar um áratugaskeið. Þegar tækninni fleygir fram verður brýnni þörf á að rannsaka afleiðingar hennar. Frysting eggfruma hefur sýnt sig sem tækninýjung sem þarnast slíkrar greiningar. Líkt og aðrar tækninýjunar á sviði æxlunar er frysting eggfruma ekki „hlutlaus“ tækni. Þróunin hefur verið jafnt undir áhrifum stjórn mála og siðfræði og tæknilegrar framfarahyggju.³⁹

Það er verið að nota kvenlíkamann til rannsókna og tilrauna og þá þörf þeirra, félagslega eða annars konar, til að eignast börn. Konur, sem knúnar eru áfram af einskærri sálarkreppu vegna ófrjósemi, verða fórnarlömb aðstæðna sinna og styðja hverja þá leið eða lausn sem í boði er til að veita þeim barnið sem þær þrá svo mjög, án þess að þær líti til þeirra afleiðinga sem þessar lausnir geta haft á konur sem félagslegan hóp.⁴⁰

Becker lýsir þeirri áhættu sem tekin er við ófrjósemismeðferðir sem kynjuðu fyrirbæri, þar sem konurnar taki mestu áhættuna í meðferðinni: „þær geta beitt líkama sinn tilraunum meira en góðu hófi gegnir, í þeirri von um að framkalla getnað og meðgöngu í kjölfarið og vegna skynjunnar þeirra á skyldu sinni til þess.“ Með frystingu eggfruma hefur áhættugreiningin sem er undanfari tilraunanna horfið aftur í tímann til að innlima þá sem enn eru frjóir. Undirliggjandi ástæður þess að eggfrumur eru frystar er sú þróun í átt svokallaðri sjúkdómsvæðingu ófrjóseminnar. Um leið og ástand eða vandamál er skilgreint sem sjúkdómur eða sjúkleiki, eru mörk hugtaksins ekki lengur fastskorðuð, heldur er viðfangsefnið sjálft hæft til útvíkkunar. Ný æxlunartækni eins og frysting eggfruma getur veitt okkur vegabréf aftur inn á meðal þeirra heilbrigðu eftir krabbameinsmeðferðir, kynsjúkdóma, eiturefna í umhverfinu eða öldrunar sem komuð hefur okkur fyrir á meðal þeirra veiku. Þetta hefur sérstaka skírskotun til kvenna og þess félagslega mótaða kvenhlutverks sem tengt hefur kvenlíkamann við æxlun og barneignir. Konur því upplifað ófrjósemi og barnleysi sem verulegan smánarblett í félagslegu samhengi. Væntanleg ófrjósemi, skv. Martin, getur haft svipuð áhrif á kyngervi með því að skapa mörg tilvik og/eða ýta undir ástæður þess að leita þurfi

39 Martin, „Anticipating Infertility; Egg Freezing, Genetic Preservation, and Risk“, 526

40 Robyn Rowland, „Motherhood, patriarchal power, alienation and the issue of “choice” in sex preselection“ í *Man Made Woman; How New Reproductive Technologies Affect Women*, ritstj. Gena Coera, (London : Hutchinson, 1985),75

læknisfræðilegrar íhlotunnar. Þetta getur verið misnotað með því að meðhöndla ófrjósemi að hálfu karlmansins með glasafrjóvgun sem fela í sér verulega mikla læknisfræðilega innrás í kvenlíkamann.⁴¹

Fyrsta konan „gaf“ eggfrumur sínar árið 1984, og í kjölfarið varð „eldri“ kona ófrísk með hjálp hinnar yngri. Þarna varð skilningur okkar á hugtakinu ófrjósemi strax settur á flot. Er það félagslega óásættanlegt að konur fari úr barneign? Með því að líta á eggfrumugjöf sem úrræði við ófrjósemi, eru mörk ófrjóseminnar útvíkkuð og innlimaðar eru konur sem kjósa að seinka barneignum sínum eða vilja frysta eggfrumur sínar vegna ótta um væntanlega ófrjósemi. Margar ástæður geta verið fyrir því, líffræðilegar og/eða félagslegar. Með því að sveipa heimtingu eggfruma orðræðu velgjörðar einnar konu til annarar er gjörningurinn sem slíkur slitinn úr því markaðsvædda umhverfi þar sem hann fer fram. Orðræðan um velgjörð máttast vel við túlkun okkar á félagslega mótuðum kynhlutverkum kvenna þar sem konur eru álitnar fórnfúsar, umhyggjusamar og gefandi. Í samhengi ófrjósemislækninganna er konan í aðalhlutverki. Flest úrræði fela í sér innrás inn í kvenlíkamann og þegar litið er til þess að langtímaáhrif lyfja sem gefin eru konum áður en eggheimta fer fram hafa ekki verið rannsökuð, er hægt að segja að engin kona geti tekið upplýsta ákvörðun um heilsufarsleg áhrif eggfrumu „gjafar“. Barneignir hafa færst inn í markaðsvætt umhverfi með auknum fjölda úrræða og gerenda á markaði og óhjákvæmlega hefur sú staðreynd áhrif á konur.

41 Martin, „Anticipating Infertility; Egg Freezing, Genetic Preservation, and Risk“, 526-8

6. Er íhlutun stjórnvalda réttlæt看leg?

Stjórnvöld eru vitanlega stór aðili í flestum þróuðum kapítalískum hagkerfum og setja reglur sem gera efnahagslífinu kleift að virka og meðal hlutverka þeirra að minnsta kosti er að bera hag almennings fyrir brjósti. Í þessu samhengi er ófrjósemisiðnaðurinn, sérstaklega í Bandaríkjunum, mikil undantekning, enda hluti af markaðsstarfsemi sem starfar næstum óháð lagasetningum.⁴²

Pólítískur þrýstingur getur vakið upp spurningar um mögulegar lagasetningar og þrýstihópar vakið máls á þeim. Vegna þess að viðfangasefni ófrjósemisiðnaðarins eru óaðskiljanleg læknávisindunum og hefur oftast en ekki að gera með aðgerðir sem vekja upp siðferðilegar spurningar, telur Debra L. Spar, höfundur bókarinnar *The Baby Business: How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, iðnaðnum best borgið undir yfirsýn ríkisins. Í flestum heimshlutum er slík yfirsýn nú þegar til staðar en í Bandaríkjunum er alríkislöggjöf með minnsta móti, skorðuð við eina einangraða reglugerð (e. *The Fertility Clinic Success Rate and Certification Act frá 1992*) sem felur ekki í sér án nokkur þvingunar – né refsíúrræði. Vegna þess hve gerendur á bandarískum markaði geta borgað ótakmarkaðar upphæðir fyrir gjafaegg, hafa slíkar gjafar verið að færast í auknu mæli til Bandaríkjanna. Við danskar sæðisgjafir eru skilyrði um nafnleynd viðhöfð af danska ríkinu sem í kjölfarið hefur gert það að verkum að Danmörk hefur yfir að ráða stærstum hluta útflutnings af sæði í heiminum. Samkvæmt þessu eru gerendur í ófrjósemisiðnaðinum að skauta á mörkum ríkisafskipta, bregðast við þeim og nýta sér svo viðskiptatækifæri sem bjóðast hverju sinni, allt eftir þeirri pólítísku stefnumótun og lagasetningu sem ríkir á hverjum stað fyrir sig.⁴³ Um tuttugu ríki í Bandaríkjunum hafa ekki samþykkt löggjöf sem varða málefni staðgöngumæðrunar og er því stefna dómstóla í þeim ríkjum afar óljós.⁴⁴

42 Debra L. Spar, formáli í *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception* (Boston: Harvard Business School Press, 2006), xix

43 Spar, *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, 35

44 Karen Bugsby og Delaney Vun, „Revisiting The Handmaid's Tale: Feminist Theory Meets Empirical Research on Surrogate Mothers.” *Canadian Journal of Family Law*. Vol. 26 (2010), 34

John A. Robertsson telur í grein sinni *Commerce and Regulation in the Assisted Reproduction Industry* að þrátt fyrir að skortur sé á heildstæðri löggjöf á sviði æxlunartækni þýði það ekki að engar reglur sé til staðar eða að öllum spurningum þurfi að vera svarað fyrirfram. Ef að ófrjósemismarkaðurinn sé eins sterkur og Debra L. Spar haldi fram, séu til staðar nægilegar upplýsingar á markaðnum til að gerendur á markaði geti tekið upplýstar ákvarðanir. Með nýrri tækni koma í ljós aðstæður þar sem lagaumgjörðar sé þörf og aðeins með reynslu af viðkomandi vandamálum sé hægt að leggja til lausnir. Telur John að við gætum enn verið of stutt á leið komin í þróun reglusetninga á þessu sviði til þess að gildi okkar og viðmið á sviði allrar æxlunartækni séu komin á yfirborðið. Líklegt sé að skoðanir okkar eigi uppruna sinn að rekja í lögmálum sem eiga við aðra siðferðilega og lagalega þætti.⁴⁵

Michael Sanders, sem er stjórn málafræðingur við Harvard háskóla í Bandaríkjunum, veltir upp tvenns konar greiningu til að meta markað með umdeildan varning og lítur til þess hvort að markaðsvæðingin sýni fram á þvingun eða grafi undan grundvallar hagsmunum eða gildum samfélagsins. Með því að nota aðferðafræði hans á markaðsumhverfi eggfruma og fóstuvísa, kemst Martha Ertman að því í umfjöllun sinni sem nefnist; *The Upside of Baby Markets*, sem birt er í bók Michele Bratcher Goodwin, *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, að ekki séu til staðar nægileg rök til þess að banna greiðslur fyrir gjafaegg.⁴⁶

Sandel lýsir áhyggjum sínum af þætti þvingunar og að slík sala grafi undan félagslegum gildum samfélagsins. Ef salan er þvinguð, til að mynda þegar manneskja í fjárhagsvanda er þvinguð til að selja úr sér nýra í örvæntingu sinni, þá ætti samfélagið ekki að umbera slíkt. Þó svo að sala á líffærum eins og nýrum komi til án nokkurrar þvingunnar, væri líklegt að samfélagið myndi engu að síður vilja banna slíka sölu af þeim ástæðum að salan grafi undan því sem samfélagið telur heilagt, til að mynda mannlíf og mannlíffæri. Ertman mátar þessa greiningu Sandels við sölu á eggfrumum og kemst að annarri niðurstöðu en Sandel sem er andvígur slíkri sölu. Ertman sér ekki að vandamál þvingunnar sé til staðar né heldur lítur hún svo á að slík sala grafi undan grundvallargildum samfélagsins þegar litið er til þess að bannið hefði í för með sér

45 Robertsson, „Commerce and Regulation in the Assisted Reproduction Industry,“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, 196

46 Martha Ertman, „The Upside of Baby Markets“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstj. Michele Bratcher Goodwin, (Cambridge University Press 2010), 28-9

skerðingu á réttindum annarra hópa svo sem samkynhneigðra, einhleyps fólks sem vill verða foreldrar og hagsmuna þeirra barna sem gætu átt samastað hjá slíkum fjölskyldum. Rökin um þvingun telur Ertman auðvelt að hrekja. Erfitt sé að segja að konur í háskólanámi sem gefa eggfrumur sínar í skiptum fyrir greiðslu séu þvingaðar til að gera slíkt, allavega ekki á annan hátt en önnur vinna skapar þvingun. Þó svo að freistandi sé að halda því fram að hátt verð fyrir gjöf á eggfrumum myndi hvata fyrir ungar konur til að selja það sem þær annars myndi ekki selja, stenst sú röksemdarfærsla ekki gagnrýni að mati Ertman. Freistingin sé þó til staðar.⁴⁷

Heimting eggfruma til nota í ófrjósemislækningum er viðskiptalegs eðlis en þó hluti af einkaframkvæmd. Auk þess er hin formlega notkun á eggfrumum innan ófrjósemislækninganna ætluð til fjölskyldumyndunnar. Sá tilgangur hefur áhrifamiklar afleiðingar, m.a. í að endurskilgreina túlkun okkar á viðskiptum á markaði sem persónulegan gjörning. Ef við hugsum aðeins um notkunina á orðinu eggfrumugjafi innan ófrjósemisiðnaðarins. Burt séð frá þeirri staðreynd að flestar konur sem útvega egg til tæknifrjóganna séu óþekktar þeim sem taka við eggjunum, er orðið gjöf notað sem yfirheiti fyrir heimtingu eggfrumu í viðskiptalegum tilgangi. Orðið eggfrumugjafi getur hafa haldist í orðfæri okkar frá þeim tíma þegar eggfrumur sem notaðar voru við tæknifrjóganir áttu uppruna sinn innan fjölskyldu þeirrar konu sem þurfti á þeim að halda, en raunhæfari skýring er þó að orðið eggfrumugjafi staðsetur heimtingu eggfrumu til nota á markaði utan við siðferðilega bannfæringu okkar á að umgangast manneskjur og mannslíffæri sem eignir.⁴⁸

Hægt er að bera rök fyrir því að markaður með eggfrumur grafi undan félagslegum skilningi okkar á frjálsum aðgangi fólks að varningi vegna þess að ekki allir hafa efni á að stunda viðskipti á markaðnum. Vitanlega, hafa færri kaupendur tók á því að kaupa eggfrumur en sæðisfrumur, vegna hás verðs þeirra. Verð á gjafasæði á Íslandi er á bilinu 38-50 þúsund krónur á meðan gjafaeggjameðferð kostar áður nefndar 200 þúsund krónur.⁴⁹ Ertman telur að þetta sama fólk hafi ekki efni á dýrum bílum eða heimsreisum og þess vegna sé óraunhæft að markaður með eggfrumur lúti sérstökum takmörkunum á þeim grundvelli að hann sé hliðhollari hærri stéttum samfélagsins.⁵⁰

47 Sama heimild, 30-1

48 Ikemoto, „Eggs, Nests and Steem Cells í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstj. Michele Bratcher Goodwin, 246

49 Heimasíða Art Medica; <http://www.artmedica.is/id/402> (Skoðað 05.09. 2011)

50 Ertman, „The Upside of Baby Markets“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating*

Þeir sem gagnrýnt hafa peningagreiðslur við eggfrumugjöf hafa varpað ljósi á að lagasetningar skorti sem taka á þeirri staðreynd að borgun fyrir eggfrumur geri bæði konur og eggfrumur að verslunarvörum. Þetta áhyggjuefni, þó sérstaklega notkun samninga og sá gróði sem hlýst af heimtingu eggfruma, muni gera viðskipti með mannlíkamann að eðlilegum og ásættanlegum gjörningi og að ákveðin normalisering muni eiga sér stað og þá sérstaklega um túlkun okkar á æxlunarfræðilegum eiginleikum kvenna – þeim grundvallarmun á konum og körlum sem hve oftast er notaður er til að réttlæta kúgun kvenna. Áhyggjuefnið er að skilningur okkar á konum og hlutverki þeirra samanstandi af meiri hlutgervingu og minni mannleika.⁵¹

Uppi eru, eins og við vitum, mismunandi skoðanir á markaðsvæðingu kynfruma. Allt frá því að banna sölu algjörlega, að því að sættast á markaðsstarfsemi á frjálsum markaði. Sem hluta af þessari sýn gæti verið gagnlegt að greina á milli mismunandi markaða, þ.e.a.s. með egg, sæði og fósturvísa. Burt séð frá því að notendurnir gætu verið þeir sömu, eru þeir sem leggja til sæðið annars vegar og eggfrumurnar hinsvegar að koma úr mismunandi reynsluheimi. Í stað þess að horfa einvörðungu á einn veg þegar kemur að reglusetningu á markaði með kynfrumur, ættum við frekar að ræða mismunandi reglusetningar sem ná til mismunandi aðila í viðskiptaferlinu, með hliðsjón á hver áhrifin verða á þessa aðila. Samræmd umræða um markaðsvæðinguna ætti að eiga sér stað sem fyrst og ættu hún að hafa það að markmiði að útlista kosti og galla hvers aðila á markaðnum og í kjölfarið kanna hvers vegna lagasetning væri við hæfi. Naomi Cahn, sem er höfundur bókakaflans, *Reproducing Dreams*, tíundar ástæður þess að lagasetningar á markaði með kynfrumur séu nauðsynlegar í stað þess að leggja til blátt bann á markaðsvæðingu þeirra eða leyfa honum að starfa án afskipta ríkisins. Að hennar mati er markaðurinn nú þegar búin að blanda saman peningum og sjálfsmynd fólks. Með því að halda því fram að notkun peninga sé í sjálfu sér neikvætt, horfum við framhjá þeim aðstæðum þar sem náð samband af einhverju tagi og efnahagsleg viðskipti eiga sér nú þegar stað. Á þetta við í mörgum mismunandi aðstæðum þar sem fólki er borgað fyrir verk sem koma sér vel fyrir aðra, allt frá barnfóstrum til presta eða sérfræðilækna.⁵² Lögin ættu að koma í veg fyrir að kynfrumugjafir séu ekki settir í þá stöðu að þeir eigi á hættu að vera misnotaðir, þó sérstaklega eggfrumugjafir. Lögin

Families, ritstj. Michele Bratcher Goodwin, 30

51 Ikemoto, „Eggs, Nests, and Steem Cells“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, 244

52 Naomi Cahn, „Reproducing Dreams,“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstj. Michele Bratcher Goodwin, (Cambridge University Press 2010), 148-149

verða að bera kennsl á foreldra hvers þess barns sem getið er með aðstoð líffækninnar, með því að útlista með skýrum hætti að væntanlegir foreldrar séu þeir sem munu njóta lagalegra réttinda sem foreldrar barnsins. Að lokum vill Naomi að lagasetningar tryggji jafnan aðgang allra að markaðnum, burt séð frá kynþætti, tekjum, kyni, kynhneigð eða öðrum þáttum. Að auki telur hún að hvert barn ætti að hafa lagalegan rétt til að nálgast upplýsingar um uppruna sinn við 18 ára aldur.⁵³

Það er ljóst að lagaleg, félagslegt, læknisfræðileg umræða ásamt umræðu um opinbera stefnumótun þarf að eiga sér stað áður en tæknilegar lausnir eru boðnar ófrjóum konum. Samfélagið getur ekki afturkallað eða bannað aðgang að tækninýjungum þegar þær eitt sinn hafa verið í boði, þrátt fyrir neikvæðar afleiðingar þeirra. Við þurfum þess vegna að ákveðna núna, hver stefna okkar á að vera þegar kemur að tækni sem enn er á þróunarstigi.⁵⁴

Sú staðreynd að lítið er um alríkislöggjöf í Bandaríkjunum hefur það gert landið að aðlaðandi viðkomustað í alþjóðlegu samhengi. Fólki sem leitar úrræða við ófrjósemi leitar í auknu mæli þangað vegna óljósra lagabókstafa. Vegna þess hve æxlunartæknin hefur fengið að þróast óáreitt í umhverfi hins frjálsa hagkerfis hefur ákveðin normalisering átt sér stað á æxlunarfærum kvenna. Mismunandi verð er borgað fyrir heimtingu eggfrumu úr konum með „sérstaka“ eiginleika. Sú staðreynd að konur og eggfrumur þeirra eru orðnar að verslunarvörum og það í nafni velgjörðar afmakar skilning okkar á viðskiptalegu samhengi hlutanna. Notkun orðsins eggfrumu, „gjafi“ sneiðir fram hjá þeirri siðferðilegu togstreitu sem við stöndum frammi fyrir þegar kemur að sölu á líffærum og/eða börnum. Vissulega getur hvati kvenna fyrir því að gangast undir stífa hormónameðferð og loks heimtingu eggfrumu sinna verið gerð af góðvild en hún á sér stað í viðskiptalegu samhengi þar sem greitt er fyrir magn og gæði eggfruma, mismundi hátt „ópægindagjald“ getur vart sagt til um meiri eða minna velgjörð viðkomandi konu. Á Íslandi tilgreinir eina læknastofan sem sérhæfir sig í ófrjósemislækningum, Art Medica, gjald til eggfrumu, „gjafa“ sem gjald fyrir ópægindi konunnar, eða á bilinu 70-100 þúsund krónur.

53 Sama heimild, 150

54 Rowland, „Motherhood, patriarchal power, alienation and the issue of „choice“ in sex preselection“ í *ManMade Woman, How New Reproductive Technologies Affect Women*, ritstj. Gena Coera, 75

7. Þegar kynfrumur verða að einstaklingi með hjálp þriðja aðila -hvað er staðgöngumæðrun?

Staðgöngumæðrun í víðum skilningi er þegar kona (staðgöngumóðir) gengur með barn fyrir þar eða einstakling (verðandi foreldra eða foreldri) og hefur fallist á fyrir meðgönguna að afhenda þeim barnið eftir fæðingu. Hefðbundin staðgöngumæðrun (e. traditional or partial surrogacy) kallast það þegar staðgöngumóðirin gengur með sitt eigið barn í þeim tilgangi að afhenda það erfðafræðilegum föður og hugsanlega konu hans eða sambúðaraðila. Barnið getur verið getið með samförum, heimasæðingu eða tæknisæðingu. Sé ekki hægt að nota sæði frá verðandi föður er hægt að nota gjafasæði. Ástæður fyrir notkun gjafasæðis getur t.d. verið vöntun á sæðisfrumum eða erfðagalli hjá verðandi föður, verðandi foreldrar séu báðar konur eða verða verðandi foreldri er einstæð kona.⁵⁵

Staðgöngumæðrun þegar hin þungaða kona hefur enga erfðafræðilega tengingu við barnið og það er getið með glasafhrjóvgun (IVF) hefur verið kallað staðgöngumeðganga eða full staðgöngumæðrun (e. gestational surrogacy, full surrogacy, IVF surrogacy). Í slíku tilfalli geta báðar kynfrumur komið frá verðandi foreldrum, báðar kynfrumur komið frá egg- eða sæðisgjöfum vegna vöntunar á kynfrumum beggja verðandi foreldra eða vegna alvarlegs erfðagalla þeirra. Loks getur önnur kynfruma komið frá öðru foreldranna og hin kynfruman frá kynfrumugjafa. Þessi aðferð krefst glasafhrjóvgunar.⁵⁶

Mismunandi skilgreiningar á staðgönguferlinu setja vissulega úr skorðum skilning okkar á hugtakinu móðir. Ekki telst lengur öruggt að koma sem elur barn sé móðir þess, né heldur hafi nokkra líffræðilega tengingu við það, nema þó að deila með því blóðrásarkerfi í 38-42 vikur.

55 Heilbrigðisráðuneytið, *Áfangaskýrsla vinnuhóps heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun* (Reykjavík, 5. febrúar 2010), 2

56 Sama heimild, 2

8. Saga staðgöngumæðrunar

Staðganga er aldagömul aðferð til þess að eignast börn. Konur um allan heim hafa löngun notast við aðrar konur til að bera þeim börn þar sem sambland hefða, þvingana og/eða umhyggju hefur spilað saman að ákjósanlegri niðurstöðu. Stundum ættleiddu ófrjóar konur, „óæskileg“ börn nágretta eða vina. Þar sem bjargir voru af skornum skammti og getnaðarvarnir í raun ekki til staðar, þótti það skynsamlegt frá efnahagslegu sjónarmiði, að dreifa börnum jafnt, líkt og korni eða hernaðarliði, í litlu samfélagi. Kaldhæðnislega hafa þessar aðferðir sem notaðar voru í fyrndinni verið teknar upp í nútíma fyrirkomulagi staðgöngumæðrunar.⁵⁷

Hér á árum áður voru dæmi þess að konur sem áttu við fátækt að stríða létu barn eða börn til systra sinna sem ekki gátu átt börn. Jafnvel voru dæmi um að sú barnlausa gerði allt að því kröfu á systur sína um að afhenda sér næsta fædda barn.⁵⁸

Í kjarna sínum er hefðbundin staðgöngumæðrun ekki tæknilegt fyrirbrigði. Samanstendur hún þá eingöngu af konu sem viljug, eða neydd, hefur samfarir við mann annarrar konu og í framhaldinu veitir hún, viljug eða neydd, þeirri konu vilyrði fyrir því að ala upp hið ófædda barn. Í sinni praktískustu mynd er eina vandamálið sá möguleiki að viljinn til verksins sé ekki til staðar án kúgunnar. Ef gefið er að fyrirhöfn, kostnaður og jafnvel líkamleg hættu geti hlotist af meðgöngu og barnfæðingu, hvers vegna myndi nokkur kona gangast undir slíka hættu án þess að fá barn í hendurnar? Í fyrndinni var hvatinn þvingun. Í öðrum tilvikum, varð velgjörð nægilegur hvati, þegar vinkonur eða systur gengu með börn fyrir þær sem það ekki gátu. En heilt yfir getum við ekki vænst þess að markaðslögmálin starfa eðlilega þegar kemur að staðgöngumæðrun en vegna skorts á hvata eða þvingun er framboð staðgöngumæðra mjög ólíklegt því að vera jafnt eftirspurninni eftir þeim.⁵⁹

Í grunninn, að minnsta kosti, er týndi hlekkurinn í jöfnunni peningar. Ef konum

57 Spar, *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, 72

58 Kristín Marja Baldursdóttir fjallar um slíkt dæmi í skáldsögum sínum *Karítas* (Reykjavík, Mál og menning, 2004) og *Óreiða á striga* (Reykjavík, Mál og menning, 2007)

59 Spar, *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, 74

gæti verið borgað fyrir að vera staðgöngumæður, myndi fjárhagslegi ávinningurinn væntanlega koma í staðinn fyrir þvingun sem hvati í markaðslegum skilningi. Komið væri í veg fyrir markaðsbresti með því að nota grundvallar driffjöður viðskipta, peninga, til að auka framboð af staðgöngumæðrum. Staðgöngumæðrun gæti því orðið eins og hvert annað launað starf tengt heimilshaldi og umönnun barna. Sögulega hins vegar, hefur hið nána eðli þess hlutverks sem staðgöngumóðirin gegnir gert slíkt fyrirkomulag óraunhæft. Fáum konum hefur hugnast að að vera borgað fyrir það verk sem í kjarna sínum er kynlíf auk meðgöngu og barnsfæðingar. Fáir karlmenn (og eiginkonur þeirra) hafa sýnt vilja til að semja um slíka þjónustu. Þannig að í raun hafa ekki einu sinni peningar verið færir um að koma á markaði um staðgöngumæðrun.⁶⁰

Telja verður víst að það form sem hér er nefnt hafi í einhverjum mæli átt sér stað í gegnum aldirnar án afskipta opinberra yfirvalda. Slíkt hefur þá fyrst og fremst gerst í tilvikum það sem ekki er þörf á utanaðkomandi tækniástoð. Staðgöngumóðir leggur þá til eigið egg, en fær sæði frá verðandi föður. Hún gengur með barnið en gefur það frá sér við fæðingu til verðandi foreldra barnsins. Það er vel þekkt að konur óska eftir því að fá að ganga með barn fyrir aðra konu til að láta gott af sér leiða. Er þá oftast um að ræða nán tengsl á milli staðgöngumóður og verðandi foreldra barnsins. Konurnar geta til dæmis verið vinkonur, systur eða jafnvel mæðgur. Þá er gengið út frá því að allir aðilar sem að málinu koma, séu þátttakendur af fúsum og frjálsum vilja. Ekki er ástæða til að ætla að slíkt hafi neikvæðar afleiðingar. Þegar nán tengsl eru á milli staðgöngumóður og uppeldisforeldra ber þó ekki síður að leggja áherslu á mikilvægi þess að ekki sé nein þvingun til staðar. Sú tilfinning að finnast manni vera skylda til að koma til aðstoðar í vanda náinna vina eða ættingja getur verið sterk og íþyngjandi. Ef sú leið að ganga með barn fyrir aðra konu er á annað borð möguleg og jafnvel viðtekin lausn á ófrjósemi getur það orðið kvöð fyrir þá konu sem næst stendur að bjóða upp á þennan valkost.⁶¹

Á síðari áratugum tuttugustu aldarinnar, gekk staðgöngumæðrun undir nokkurs konar endurnýjun lífdaga. Hluti af hvatanum fyrir þessari endurnýjun varð til af völdum tæknilegra framfara, hluti vegna atbeina viðskipta og hluti vegna breytinga á siðferðilegu gildismati. Saman varð til grundvöllur að raunverulegri, en umdeildri markaðsvæðingu móðurhlutverksins. Fyrsti vísirinn af þessum markaði kom fram með

60 Spar, *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, 74

61 Heilbrigðisráðuneytið, *Áfangaskýrsla vinnuhóps heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun*, 6

tæknisæðingunni, sem var fullkomnuð og sett á markað á níunda áratugnum. Tæknisæðingin var stór uppgötvun þegar kom að viðskiptatækifærum í ófrjósemislækningum. Sæðisbankarnir urðu fyrstir til að verða að bláköldum gróðaeiningum í heimi ófrjóseminnar með því að vera þeir fyrstu til að fara yfir mörk samlífs tveggja einstaklinga og barns í kjölfarið, og bjóða þess í stað innihaldsefni úr ókunnugum einstaklingi.⁶²

Afleiðingar tæknisæðingarinnar urðu sérstaklega stórtækar þegar kom að fyrirkomulagi staðgöngumæðrunar. Án tilkomu hennar var eina leiðin fyrir staðgöngumæður til að geta barn var að stunda kynlíf með væntanlegum föður barnsins – sem er nú ekki aðlaðandi fyrir konur feðranna sem um ræðir, né staðgöngumóðurina sjálfa. Með tæknisæðingunni hins vegar, var kynlífið fjarlægt úr ferli getnaðarins og hann gerður mögulegur án atbeina karlmannsins né í raun samskipta staðgöngumóðurinnar við þennan væntanlega föður. Þessi líkamlega fjarlægð gerði staðgöngumæðrun að fýsilegri kosti. Samspil tækninnar við aukinn fjölda sæðisbanka, gerði ófrjóum þörum kleift að nálgast bæði egg- og sæðisfrumur frá utanaðkomandi aðilum. Í hagfræðilegu tilliti skapaðist jafnvægi á milli bæði framboðs og eftirspurnar eftir staðgöngumæðrum með tilkomu tæknisæðingarinnar. Með því að framboð og eftirspurn mynduðu jafnvægi fylgdi markaðsvæðingin í kjölfarið.⁶³

Með tilkomu glasafrjóvgana á miðjum níunda áratugnum sköpuðust enn betri skilyrði fyrir markaðsvæðingu móðurhlutverksins. Það sem gerði hefðbundna staðgöngumæðrun fyrst og fremst flókna var að staðgöngumóðirin var einnig líffræðileg móðir barnsins sem hún bar. Staðgöngumóðirin var í raun að gefa frá sér „sitt“ barn til annarrar konu sem hafði enga genatíska tengingu við barnið sem um ræddi. Í þessari staðreynd fólst það megin misræmi sem gerði staðgöngufyrirkomulagið löglega og siðferðilega vafasamt, vegna þess hversu óyggjandi sú tenging sem staðgöngumóðurinnar hafði var meiri tenging konunnar sem yrði svo móðir þess eftir fæðinguna. Í lagalegu og viðskiptalegu samhengi er stóri kosturinn við glasafrjóvganir sá að nú varð til sá möguleiki að skilja að líffræðilega móður, eða þá konu sem eggfruman kemur úr, frá staðgöngumóðurinni með því að hún gangi með barn sem hún hefur ekki genatíska tengingu við. Þegar væntanlegir foreldrar leituðust eftir hefðbundinni staðgöngumæðrun stóðu þeir frammi fyrir því að geta aðeins nálgast

62 Spar, *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, 75

63 Spar, *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, 75

eggfrumuna með því að fá þá sömu konuna til að ganga með væntanlegt barn. Aftur á móti, þegar um fulla staðgöngumæðrun er að ræða geta foreldrarnir komist yfir tvenns konar innihaldsefni, ef svo má segja, eggfrumu frá einum aðila, (jafnvel væntanlegri móður) og komið því fyrir í móðurlífi annarrar. Glasafjrjóvgunin bíður þeim þann möguleika samspil þessa tveggja verði að barni sem verður „þeirra”.⁶⁴

Tölfræðilegar upplýsingar um fjölda tilvika þar sem staðgöngufyrirkomulagið, í einhverri mynd, hefur verið notað liggja ekki fyrir en á vefsíðum bandarískra og breskra samtaka um staðgöngumæðrun eru til staðar hundruðir af leiðum til að komast í samband við væntanlegar staðgöngumæður og fullyrt er að um 25 þúsund börn hafi verið fædd af staðgöngumæðrum, aðeins í Bandaríkjunum.⁶⁵

Á líkamlegan hátt er staðgöngumæðrun andstæðan við hefðbundin ófrjósemisúrræði. Í flestum þessara úrræða – hormónameðferðum, tæknisæðingum, tæknifrjóvgunum og eggjagjöfum – er sú útkoma sem óskað er eftir flókin blanda af getnaði, meðgöngu og að lokum barnsfæðingu. Flestar konur sem gangast undir tæknifrjóvgun, vilja ekki aðeins eignast barn, eða sitt barn, heldur einnig fæða barnið, upplifa meðgöngu, hríðar og barnsfæðingar. Þessi löngum skilgreinir markmið jafnvel flóknuðustu ófrjósemisúrræðanna, þar sem meðgangan er oftast nær meginmarkmið þess að úrræðið skili árangri. Þó svo að kona gangi í gegnum tæknifrjóvgun þar sem notuð eru gjafaegg, getur hún engu að síður gengið með og fætt „sitt” barn. Egggjafinn er oftast nær ósýnilegur í þessu sambandi og peningar bera oftast ekki á góma. Þegar kemur að staðgöngufyrirkomulaginu aftur á móti, er líkamlega sambandinu snúið við, og hið efnahagslega kemur í ljós. Í stað þess að fæða barnið sitt, fær hin tilvonandi móðir lánað, ræður í vinnu eða kaupir – leg annarrar. Hin ófríska kona er ekki móðirin í staðgöngufyrirkomulaginu, heldur sú sem borgar.⁶⁶

Þó svo að staðgöngumæðrun sé ævafornt fyrirbæri hefur það tekið stakkaskiptum undanfarna áratugi. Með tilkomu tæknifrjóvganna varð mögulegt að gera staðgöngumóðurina líffræðilega ótengda barinu sem í henni þroskaðist. Þarna átti sér stað mikil breyting sem ekki aðeins breytir skilningi okkar á hugtakinu móðir, faðir og fjölskylda, heldur vekur upp spurningar um hversu langt eigi að ganga í því að veita ófrjósömum barn.

64 Sama heimild, 78-9

65 Karen Bugsby og Delaney Vun; „Revisiting The Handmaid's Tale: Feminist Theory Meets Empirical Research on Surrogate Mothers”, 19

66 Spar, *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, 70

9. Siðferðileg álitamál tengd staðgöngumæðrun

Þeir sem fjallað hafa um siðferðileg álitamál tengd staðgöngumæðrun hafa í flestum tilvikum lagst gegn því að leyfa slíkt gegn greiðslu. Þau rök sem vísað hefur verið til eru m.a. að slíka greiðslu megi sjá sem einhvers konar form af viðskiptum með börn. Staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni sé í andstöðu við þá hugsun að líta beri á sérhvert barn sem verðmæti í sjálfri sér og aldrei eigi að líta á það sem söluvöru. Barnið verði ekki metið til fjár. Ef slíkt yrði leyft myndi það bjóða heim þeirri hugsun að til væri markaður með börn þar sem þau gætu jafvel orðið misverðmæt eftir eiginleikum þeirra. Að með staðgöngumæðrun sé verið að nota þá konu sem gengur með barnið til að ná fram markmiðum sem ekki eru hennar eigin. Þetta geri stöðu hennar veika og hætta sé á kúgun þar sem virðingu hennar er misboðið. Þótt þessi hugmynd sé tengd stöðu allra staðgöngumæðra hvort sem gengið er með barnið sem velgjörð eða í hagnaðarskyni, þá er talin meiri hætta á kúgum og vanvirðingu þegar greitt er fyrir meðgönguna. Þó sé til dæmis líklegra að konur sem búi við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður gerist staðgöngumæður. Þá er algengara að félagsleg staða kaupanda og seljanda sé ólík, þar sem kaupendur þjónustunnar eru vel stæðir, fjárhagslega og félagslega en staðgöngumóðir býr við lakari aðstæður og kjör. Vitað er að fólk frá Vesturlöndum leitar til fátækari landa, t.d. Indlands, til að fá þjónustu staðgöngumæðra. Reynslan sýnir einnig að í Bandaríkjunum þar sem greitt hefur verið fyrir þessa þjónustu hefur hún færst meira til kvenna sem lifa við erfiðar félagslegar aðstæður. Staðgöngumæðrum í hagnaðarskyni hefur verið líkt við vændi þar sem konan sem gengur með barnið selur aðgang að líkama sínum. Er það enn ein líkingin sem notuð er til að orða þá misnotkun sem erfitt getur verið að verjast.⁶⁷

Aðrir telja að þegar staðgöngumóðir þiggur greiðslu fyrir að ganga með barn fyrir aðra konu sé framlag staðgöngumóður einmitt viðurkennt með greiðslunni og hún sé í fullum rétti til að hagnast á verknaðnum. Þessum rökum hefur m.a. verið svarað

67 Heilbrigðisráðuneytið, *Áfangaskýrsla vinnuhóps heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun*, 2

með því að benda á að það að ganga með barn fyrir aðra konu verði aldrei metið til fjár. Það sé niðurlægjandi fyrir konuna og jafnvel barnið að gera slíkt fyrir peninga enda sé um að ræða hvorutveggja verknað og tilvist sem ekki eigi að vera söluvara. Ef litið sé á staðgöngumæðrun sem söluvöru þá sé ekki einvörðu verið að hlutgera barnið heldur sé jafnframt hætt á að farið verði að líta á konuna sem gengur með barnið eins og “hýsil” utan um fóstur í stað þess að líta á hana sem einstakling með markmið, tilfinningar og þarfir.⁶⁸

Með breytingum sem gerðar hafa verið á lögum um tæknifrjógvanir á undanförunum árum hafa verið stigin stór skref í átt til aukins frjálsræðis. Þegar lög in voru upphaflega sett árið 1996 var tæknifrjógvan einungis heimil fyrir gagnkynhneigð þör í sambúð, en árið 2006 var samkynhneigðum konum í sambúð heimiluð þjónustan og skömmu síðar einnig einhleypum konum. Í kjölfar þessara breytinga hefur verið slakað á takmörkunum á notkun gjafakynfrumna og nú síðast var samþykkt á vorþingi 2010 að heimila einhleypum konum notkun bæði á gjafaeggjum og gjafasæði. Í ljósi þessara tilslakanna á löggjöfinni þarf ekki að koma á óvart að aukinn áhugi er á að „staðgöngumæðrun” sé leyfð. Staðgöngumæðrun opnar einkum nýja möguleika til barneigna fyrir konur sem af læknisfræðilegum ástæðum geta ekki gengið með börn og fyrir samkynhneigða karla.⁶⁹

Í fyrsta lagi, vekur staðgöngumæðrun, meira en tæknifrjógvanir og önnur ófrjósemisúrræði, upp spurningar um skilgreiningu okkar á foreldrahlutverkinu. Af einhverjum ástæðum, félagslegum, sagnfræðilegum eða líffræðilegum, er við gjörn á að skilgreina sambandið á milli konu og nýbura sem nánara en samband sæðis – eða egggjafa við væntanlegt afkvæmi. Við lítum svo á að kona sem gengur með og fæðir barn sem móður barnsins, burt sé frá genasamsetningu þess. En í staðgöngufyrirkomulaginu, er konan sem fæðir barnið ekki væntanleg móðir þess, né heldur endilega genatískt tengd því. Í öðru lagi þegar konan sem fæðir barnið, lætur það af hendi, fær hún oftast nær í té bætur. Ekki fyrir barnið í rauninni, heldur fyrir það erfiði sem hún gekk í gegnum við að ganga með það og koma því í heiminn. Þetta fyrirkomulag gerir staðgöngu augljóslega markaðsvædda og vekur upp ásakanir um

68 Heilbrigðisráðuneytið, *Áfangaskýrsla vinnuhóps heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun*, 4-6

69 Salvör Nordal, „Tæknifrjógvanir og staðgöngumæður út frá hagsmunum barna,” í *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags*, ritstýrt af Salvöru Nordal, Sigrúnu Júlíusdóttir og Vilhjálmi Arnasyni, (Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2010), 89

hagnaðarsamband sem erfitt er að hunska. Eru staðgöngumæður að selja börnin sín og ef svo er, ætti einhver að standa í vegi fyrir þeim? Eru þær að selja, eða allavega að leigja líkama sinn? Ef svo er, ætti einhver að standa í vegi fyrir þeim?⁷⁰

Tæknilega séð er staðgöngumæðrun ein af auðveldustu leiðunum til að leysa ófrjósemi. Væntanlegir foreldrar geta nálgast hvaða egg og sæði sem þeim sýnist og komið svo fósturvísi fyrir í því legi sem líklegast er að beri þeim barn. Þeir geta sniðgengið áhættuna sem fylgir meðgöngu eldri kvenna eða kvenna sem þjást af líkamlegum kvillum en samt getið barn sem er líffræðilega tengt öðru eða báðum væntanlegum foreldrum. Í viðskiptalegu samhengi bíður staðgöngumæðrun upp á freistandi leið fyrir tekjulágar konur til að græða peninga á eigin líkómum, án þess – faktískt séð, að selja hvorki líkama sinn né börnin sín. Pólítískt hins vegar, er staðgöngumæðrun erfið viðureignar, þar sem hún fæst við efnahagslegt samband sem á rætur sínar í djúpu siðferðilegu álitamáli. Meginspurningin um staðgöngumæðrun fæst við það hvað sé leyfilegt að selja á markaði. Hver ákveður slíkt? Og hvernig getur einhvert ríki eða aðili vegið þær þrjár að eignast barn á móti hættunni á að barn verði selt?⁷¹

Tæknifrjóvganir hafa það að markmiði að búa til einstakling sem hefur hagsmunum sem ber að taka tillit til, eða eins og Onoro O'Neil orðar það: „Barneignir skipta fólki auðvitað miklu máli og varða grundvallarhugmyndir þess um gildi lífsins. Þrátt fyrir það ber ekki að vernda þær á sama hátt á sjálfstjórningu eða sjálfræði. Barneignir eru ólíkar getnaðarvörnum og fóstureyðingum að því leyti að þær miða að því að fæða nýjan einstakling í heiminn.”⁷²

Þann 2. september síðastliðinn samþykkti meirihluti heilbrigðisnefndar Alþingis tillögu til þingsályktunar um málefni staðgöngumæðrunar á Íslandi. Samþykkt var að fela heilbrigðisráðherra að skipa starfshóp sem undirbúa eigi frumvarp til laga sem heimili staðgöngumæðrun. Við vinnuna á að leggja áherslu á eftirfarandi atriði: að staðgöngumæðrun verði aðeins heimilud í velgjörðarskyni, sett verði ströng skilrði fyrir staðgöngumæðrun í því augnamiði að tryggja sem best réttindi skyldur og hagsmunum staðgöngumæðra og væntanlegra foreldra og réttindi og haf þeirra barna sem

70 Spar, *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, 71

71 Spar, *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*, 72

72 Salvör Nordal, „Tæknifrjóvganir og staðgöngumæður út frá hagsmunum barna,“ í *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags*, 92

hugsanlegra verða til með þessu úrræði og að verðandi staðgöngumæður og verðandi foreldrar verði skyldugir til að gera með sér bindandi samkomulag um staðgöngumæðrun. Fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, skipaði í janúar 2009 starfshóps til að fara yfir álitamál er tegjast staðgöngumæðrun. Starfshópurinn skilaði af sér áfangaskýrslu 5. febrúar sl. og telja flutningsmenn tillögunnar sem hér er nefnd ljóst að nægar upplýsingar séu tiltækar til að undirbúa frumvarpssmíð.⁷³

Starfshópurinn komst að því við gerð skýrslunnar að ferli meðgöngu og fæðingu hafi að jafnaði djúpa merkingu fyrir sérhverja konu sem gengur í gegnum þá reynslu. Með því að heimila staðgöngumæðrun er hætta á að grafið sé undan merkingu meðgöngunnar bæði sem upplifun konunnar sem gengur með barnið og einnig í hugum annarra. Sú hætta verður þá fyrir hendi að konan líti á sjálfan sig og aðrir líti á hana fyrst og fremst sem hýsil utan um verðandi barn. Slíka sýn á meðgöngu konunnar ber að varast.⁷⁴

Með samþykkt meirihluta heilbrigðisnefndar hefur Alþingi ákveðið að smíða frumvarp um lögleiðingu staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni á Íslandi. Með þessu gekk nefndin þvert á ályktanir starfshóps sem skilaði álitinu sínu í febrúar síðastliðnum. Einnig hafði siðfræðiráð Læknafélags Ísland ályktað haustið 2009 að ekki væri tímabært að lögleiða staðgöngumæðrun á Íslandi.⁷⁵

Staðgöngumæðrun getur vissulega verið leið ófrjórna til að eignast barn. Hafa ber það í huga að þriðji aðili er hér komin til sögunnar, sem samkvæmt tillögum Alþings um lögleiðingu staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni, hefur enga líffræðilega tengingu við barnið sem væntanlegt er í heiminn. Þessi þriðji aðili er kona, sem aðeins í krafti velgjörðar sinnar, gengur með barn fyrir einstaklinga sem ekki eru færir um það sjálfir. Kona þessi á ekki að fá greitt fyrir þessa iðju, aðeins sem nemur vinnumissi hennar á meðgöngu og lækniskostnað sem af henni hlýst. Gera á það að skilyrði að bindandi samningur verði gerður á milli staðgöngumóðurinnar og væntanlegra foreldra. Með þessum útlistunum stendur staðgöngumóðurin undir kynjahlutverki sínu sem hin

73 Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, þskj. 376, 310. mál. Heimasíða Alþingis, <http://www.althingi.is/altext/139/s/0376.html> (Skoðað 06.09. 2011)

74 Heilbrigðisráðuneytið, *Áfangaskýrsla vinnuhóps heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun*, 9-10

75 Velferðarráðuneytið, *Álit vinnuhóps um staðgöngumæðrun*, http://www.velferðarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/Alit-vinnuhops-um-stadgongumaedrun_07_06_2010.pdf (Skoðað 05.09.2011)

gefandi og umhyggjusama kona, þó svo að allur aðdragandi og framkvæmd getnaðarins fari fram í markaðsvæddu umhverfi ófrjósemisiðnaðarins, en telst ekki viðeigandi að konan fái greitt fyrir að ganga með barnið.

Með samþykkt heilbrigðisnefndar hefur verið lagt ákveðið samþykki við því að ásættanlegt teljist að þriðji aðili sé fenginn til að uppfylla óskir annarra um barn. Líta verður þá svo á að ríkisvaldið telji mannréttindi fólgin í barneignum, þó að þriðja aðila þurfi til að útfæra slíkt sé það ríkisvaldsins að tryggja þau réttindi. Ekki kemur fram í álitni heilbrigðisnefndar hvernig standa eigi að óskum mismundi fólks um rétt til staðgöngumóður, t.d. hvort tveir gagnkynhneigðir menn sem kjósa að stofna fjölskyldu hafi minni rétt til aðstoðar vegna kynhneigðar sinnar en tveir samkynhneigðir menn í sömu hugleiðingum.

10. Staðgöngumæður og speglun kvenhlutverksins

Með aukinni tækni á sviði æxlunartækni, auk staðgöngumæðrunar, hefur mikilvægi Internetsins sem uppsprettu upplýsinga og vettvangs til samskipta aukist til muna. Umræður kvenna á stærstu spjallsíðunni tengdri staðgöngumæðrun á netinu, www.surromonline.com (SMO) leggja til ákveðna innsýn við að ná heilstætt utan um það félaglega og um leið tæknilega fyrirbæri sem staðgöngufyrirkomulagið er.⁷⁶ Zsuzsa Berend skoðar sköpun orðræðu staðgöngumæðra um missi í gegnum spjallsíðu þessa á netinu. Með samskiptum í gegnum netið búa konurnar til opinberan gagnvirkan heim staðgöngumæðrunar. Með skírskotun í mannfræðilega og félagsfræðilega þekkingu skoðar höfundur tengslin á milli þess hvernig konurnar skilgreina missi og skilning þeirra á æxlunarfræðilegum aðferðum og afleiðingar þessara tengsla á æxlunartæknina vítt á titið. Staðgöngumæður skilgreina missi mjög vídd, eða allt frá því að getnaður mistekst, til fósturmissis og advanafæðingar; en missir tákna í raun þá staðreynd að væntanlegir foreldrar fá ekki barnið sem þeir eru að vonast eftir. Tækninýjunar á sviði æxlunar auka á missi með því að vekja vonir um velgengi, með því að reyna að hámarka árangur meðferða með því að koma fyrir auknum fjölda fósturvísa og með eftirliti og fleiri prófunum afar snemma í frjóvgunarferlinu sem að öllu jöfnu ýtir undir vonr á jákvæðri niðurstöðu. Hins vegar álíta staðgöngumæður æxlunartæknina sem jákvætt afl og lýsa yfir stuðningi sínum við tækninýjungarnar. Staðgöngumæðurnar vísa til þess að „gefa gjöf lífsins“ og gerir það þær berskjaldaðart fyrir því að upplifa missi og mistakast en gefa einnig til kynna ítrekaðar tilraunir þeirra til að bera börn fyrir aðra með hjálp æxlunartækninnar. Með því að fylgjast með umræðum á spjallsvæðinu SMO fylgdist Zsuzsa Berend ekki sérstaklega með einstaklingunum heldur var hún frekar að fylgjast með hegðunarmynstrum einstaklinganna sem byggðu upp þennan opinbera, netvædda heim staðgöngumæðrunnar.⁷⁷

76 Zsuzsa Berend, „Surrogate Losses: Understandings of Pregnancy Loss and Assisted Reproduction among Surrogate Mothers,“ *Medical Anthropology Quarterly*, Vol. 24, No.2 (2010), 240

77 Sama heimild, 241-3

Staðgöngumæður fóstura barnið sem þær ganga með nákvæmlega eins í líffræðilegum skilningi og aðrar ófrískar konur, en þær gera það hins vegar í því umdeilda samhengi þar sem siðferði velgjörðar og fórnfýsi er viðhaldið og haldið á lofti. Fóstrun barnsins í „móður”kviði konunnar stendur ekki aðeins fyrir líffræðilegri næringu þess eða umönnun sem stuðlar að líffræðilegum og félagslegum þroska þess, heldur er um að ræða sambönd, viðhorf og forgangsröðun sem búin til í samhengi markaðshagkerfisins.⁷⁸

Karen Bugsby er prófessor við lagadeild Háskólans í Manitoba í Kanada. Hún hefur kynnst sér staðgöngumæðrun og veltir upp áleitnum spurningum um fyrirkomulagið í grein sinni, *Revisiting The Handmaid's Tale: Feminist Theory Meets Empirical Research on Surrogate Mothers* sem birtist í *Canadian Journal of Family Law* árið 2010. Í grein sinni skoðar hún um 40 rannsóknir sem gerðar hafa verið á persónueinkennum staðgöngumæðra og reynslu þeirra af staðgöngumæðrun. Lítur hún bæði til Kananda, Bandaríkjanna og Bretlands við skrif greinarinnar.⁷⁹ Kanadíska ríkið setti á fót nefnd sem bar nafnið *The Royal Commission on New Reproductive Technologies* (RCNRT) árið 1989 og skilaði hún álit sínu 4 árum síðar, eða 1993. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að banna ætti allar tegundir staðgöngumæðrunar og brotlegir skyldi sæta þungum refsingum. Til grundvallar ákvörðuninni var það sjónarmið að konur gætu ekki gefið fullt samþykki sitt við afsal á foreldaréttindum sínum og að staðgöngumæðrun byði upp á að berskjaldaðar konur yrðu að fórnarlömbum og konur og börn að verslunarvörum.⁸⁰

Notar Bugsby þá aðferð að bera saman fullyrðingar sem komu fram í greiningu nefndarinnar, (RCNRT) og mátar við þær rannsóknir sem hún vísar til um staðgöngumæður. Rannsóknir þessar eru að mestu byggðar á viðtölum við konur auk sálfræðilegra gagna um líðan þeirra og upplýsingar frá ófrjósemisstofum sem hafa milligöngu um staðgöngumæðruna. Í greininni heldur Rakhi Ruparelia því fram að með tilvist ákveðinna valdapíramída, þó óljósir séu, skapar náíð net fjöskyldutengsla ákveðnar skyldur sem gera það að verkum að konur eigi erfitt með að neita beiðni fjölskyldumeðlims um að gerast staðgöngumæður í velgjörðarskyni. Margir femínistar

78 Sama heimild, 240-3

79 Karen Bugsby og Delaney Vun, „Revisiting The Handmaid's Tale: Feminist Theory Meets Empirical Research on Surrogate Mothers”, 13

80 Sama heimild, 16

hafa haldið því fram að greiðslur fyrir staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni muni koma til með að gera efnahagslega, líkamlega og tilfinningalega berskjaldaðar konur líklegri til misnotkunar og muni þar fátækar, ungar konur úr minnihlutahópum verða verst úti. Hins vegar heldur Bugsby því fram að rannsóknir á staðgöngumæðrum sýni að flestar þær konur sem gefi kost á sér sem staðgöngumæður, hvort svo sé í hagnaðar- eða velgjörðarskyni séu hvítar, kristnar og á milli tvítugs og fertugs. Menntun þeirra sé einnig mismunandi og vísar hún þá til rannsóknar sem gerð var á bandarískum staðgöngumæðrum, en 11 af 17 staðgöngumæðrum í rannsókn Melindu Hohman og Christine Hagan frá 2001 höfðu einhverja háskólamenntun.⁸¹ Flestar kvennanna sem tjáðu sig á SMO voru giftar, tveggja til fjögurra barna mæður og voru augljóslega mjög helgaðar fjölskyldum sínum. Margar af þeim stunduðu vinnu án þess að hlúa sérstaklega að starfsframa á ákveðnu sviði og töldu þær fjölskyldulífið forgangsatriði í lífi sínu og mikilvægasta afrek sitt utan við staðgöngumæðrunina.⁸²

Í umfjöllun Bugsby kemur fram að Ciccarelli greinir frá að því sé oft haldið fram að peningagreiðslur séu aðalhvati kvenna til að gerast staðgöngumæður, en annað komi í ljós því stór hluti þeirra segist gerast staðgöngumæður af öðrum ástæðum, sérstaklega til að sýna væntanlegum foreldrum velgjörð sína. Þó svo að efnahagslegar ástæður geti verið til staðar nefndu aðeins nokkrar konur að peningagreiðslur væru eini hvati þeirra til verknaðsins.⁸³ Aðrar staðgöngumæður í rannsókn Rhondu Shaw á 14 staðgöngumæðrum á Nýja-Sjálandi, greindu frá því að með þeim möguleika á að verða staðgöngumóðir upplifðu þær sig einstakar og að þær hefðu afrekað eitthvað í lífinu sem aftur efldi sjálfstraust þeirra og gerði þeim kleift að taka ákvarðanir um ákveðna hluti. Andrea Mechanick Braverman og Stephen Coron komust að þeirri niðurstöðu, eftir sálfræðileg viðtöl við staðgöngumæður fyrir væntanlegnan getnað og viðtölum eftir getnað og fæðingu, að væntanlegar staðgöngumæður sem rætt var við búa yfir sterkri þörf á að vera álitnar mikilvægar og trúa því að með þátttöku í staðgönguferlinu geti þær gefið af sér einstaka og mikilvæga gjöf. Vegna þess að þeim þótti meðganga ánægjulegt ferli, fundu þær til þess að þær hefðu eiginleika sem nýttu sér vel við staðgöngufyrirkomulagið. Ein staðgöngumóðir sem Blyth ræddi við lét þessi orð falla:

81 Sama heimild, 39-44

82 Berend, „Surrogate Losses: Understandings of Pregnancy Loss and Assisted Reproduction among Surrogate Mothers“, 251

83 Karen Bugsby og Delaney Vun, „Revisiting The Handmaid's Tale: Feminist Theory Meets Empirical Research on Surrogate Mothers“, 53-4

„Ég er ekki stærðfræðingur eða eitthvað því um líkt, ég er ekki heimsklassa fyrirsæta, ég er bara venjuleg. Og ég vildi ekki vera bara venjuleg. Ég vildi verða áhugaverð. Ég vildi geta sagt „ég hef gert eitthvað áhugavert í lífinu.“⁸⁴

Fullyrðingar kvenna á vefsíðunni SMO sem Zsuzsa Berend kannaði voru á þá leið: „Ég hef komist að því að ég þekki líkama minn mun betur en lækarnir. Ég vissi að ég gæti orðið ólétt aftur og ég varð ólétt. Ég vildi geta gefið gjöf foreldrahlutverksins til væntanlegra foreldra og ég gerði það.“ Einnig þegar konurnar ræða um frjósemi og meðgöngu sem blessun, og um sé að ræða ánægjulegan atburð sem þær geta ekki tekið fulla ábyrgð á, eru þær staðráðnir í að „deila“ þeim með væntanlegum föreltrum og „láta drauma þeirra rætast“. Staðhæfingar þeirra sýna fram á gerendahæfni þeirra, stjórn og vald. Berend komst að því að þegar staðgöngumæðurnar sýna fram á slíka gerendahæfni í ferli getnaðarins og meðgöngunnar verða þær berskjaldaðri fyrir „mistökum“, þ.e.a.s þegar getnaður á sér ekki stað eða um fósturmissi er að ræða.⁸⁵ Missirinn er skilgreindur á fjóra mismunandi vegu. Í fyrsta lagi byggja tækninýjunar á sviði æxlunar upp ákveðnar vonir ef fólk er tilbúið að leggja á sig „það sem þarf“ til að eignast barn, en ákjósanleg niðurstaða er langt frá því að vera sjálfgefin; barnið kemur ekki alltaf til með að fæðast í heiminn. Í öðru lagi gefa ófrjósemisstofurnar loforð um „að búa til fjölskyldur“; í raun taka þær ákvarðanir um hverjir eru til þess fallnir að öðlast meðferð og hverjum er í raun „kastað“ úr meðferðinni og byggja þannig upp ákveðna flokka sem þjóna tölfræðilegum tilgangi um árangur.⁸⁶

Fræðimenn sem skoðað hafa heim æxlunartækninnar lýsa því hvernig þessi úrræði byggja upp nýjar vonir, siðferðilegar klemmur og þrár. Því meira sem þær reyna, því meira þrá þau, og örvæntingin um barnið er styrkt og henni viðhaldið. Þar sem mörg mismunandi úrræði eru í boði upplifir fólk sig ekki geta annað en haldið áfram að reyna.⁸⁷ Þessi röksemdarfærsla á einnig við um staðgöngumæðurnar. Því meiri samkennd sem þær hafa með væntanlegum föreltrum, því meira reyna þær og leggja á sig til að verða óléttar og verða örvæntingafyllri í von sinni um að „gefa þeim gjöf

84 Sama heimild, 54-58

85 Berend, „Surrogate Losses: Understandings of Pregnancy Loss and Assisted Reproduction among Surrogate Mothers“, 245

86 Charis Cussins, „Producing Reproduction: Techniques of Normalization and Naturalization of Fertility Clinics“ í *Reproducing Reproduction: Kinship, Power, and Technological Innovation*, ritstj. Sarah Franklin og Helena Ragoné, (Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 1998), 85

87 Sarah Franklin, „Deconstructing “Desperateness”: The Social Construction of Infertility in Popular Presentations of New Reproductive Technologies“ í *The New Reproductive Technologies*, ritstj. Maureen Mcneil, Ian Varcoe og Steven Yearley, (New York: St. Martins, 1990), 216

lífsins”.⁸⁸ Í þriðja lagi getur æxlunartæknin aukið líkurnar á missi með því að reyna að hámarka árangur. Oftast eru nokkrum fósturvísnum komið fyrir í legi staðgöngumóðurinnar til að auka líkurnar á að fóstur dafni.⁸⁹ Margs konar hagsmunir stangast á hér. Æxlunarsérfræðingar vilja koma fyrir þeim fósturvísnum sem þeir telja að muni verða að lífvænlegum fósturum, væntanlegir foreldrar hafa fjárhagslegan ávinning af því að eignast tvíbura, auk annarra hvata og staðgöngumæðurnar hafa hve flóknastar væntingar til þess að bera fjölbura. Ef að sú gjörð að bera væntanlegum foreldrum barn er „gjöf lífsins” eru fleiri börn enþá meiri gjöf. Í fjórða lagi ýta tíðar skoðanir afar snemma í fósturþroskaferlinu undir enn meiri væntingar til jákvæðrar niðurstöðu.

Í fræðilegum rannsóknum Hohman og Hagen sýnir það sig ítrekað að líðan staðgöngumóðurinnar meðan á meðgöngu stendur og eftir að barnið fæðist veltur á gæðum þess sambands sem hún á við væntanlega foreldra barnsins. Erfiðleikar komu upp í þeim tilvikum þar sem væntanlegir foreldrar gerðu lítið til að sýna fram á þakklæti sitt í garð staðgöngumóðurinnar og þar sem aðilarnir höfðu mismunandi menningabundnar væntingar, þó sérstaklega þegar kom að fæðingunni sjálfri. Í rannsókn þessari sem náði til 17 bandarískra kvenna sem verið hafa staðgöngumæður greindu allar konurnar frá því að þeim finndist þær vera að gera eitthvað einstakt og lýstu því yfir að þær vildu að mikilvægi þessa yrði virt af væntanlegum foreldrum. Rannsakendur komust að því að vandamál skutu upp kollinum þegar hvatir og væntingar staðgöngumóðurinnar og væntanlegra foreldra fóru ekki saman. Sem dæmi upplifðu sumar staðgöngumæðranna sig notaðar þegar þær bjuggust við að félagsleg tengsl við foreldrana myndu halda áfram eftir fæðingu barnsins en slíkt átti sér svo ekki stað.⁹⁰

Þegar staðgöngumæður og væntanlegir foreldrar eru að ganga í gegnum undirbúning fyrir komu barnsins sem beðið er svo mjög, verða skilin á milli vonar, hins mögulega lífs og hins lífvænlega óljós. Grundvallarsambandið er ekki á milli staðgöngumóðurinnar og fóstursins heldur á milli staðgöngumóðurinnar og væntanlegra

88 Berend, „Surrogate Losses: Understandings of Pregnancy Loss and Assisted Reproduction among Surrogate Mothers“, 246

89 Ragoné sýndi fram á þetta strax um 1998; þessi aðferð hefur orðið algengari síðan þá. Staðgöngumæður eru ekki einróma á móti þessu og í raun tala þær í sumu tilvikum fyrir því að fleiri en einum fósturvísi sé komið fyrir í legi þeirra. Í könnun á á vefsíðunni SMO svörðu yfir 30% af 137 svarendum “já” við þeirri spurningu hvort þeim finndist í lagi að koma fyrir fleirum ein 6 fósturvísnum.

90 Karen Bugsby og Delaney Vun; „Revisiting The Handmaid's Tale: Feminist Theory Meets Empirical Research on Surrogate Mothers”, 58-62

foreldra. Samband kvennanna við fóstrið og aftur samband þeirra við væntanlega foreldra er innblásið af mörgum af þeim menningalegu hugmyndum og ímyndum; hugmyndum um mikilvægi hvers barns og hversu einstakt það er, mikilvægi fjölskyldunnar og áherslan á tilgang foreldrahlutverksins mótar og metur hvert félagslegt samband um sig.⁹¹

Basilington komst að því að sammerkt var með konum sem höfðu verið staðgöngumæður að hugsa um fyrirkomulagið sem launað starf og að hugsa ekki um barnið sem þeirra eigið. Ragoné komst einnig að því eftir viðtöl sín að sá hæfileiki eða styrkleiki að geta aðskilið sig algjörlega frá meðgöngunni og barninu sé forsenda fyrir því að geta verið staðgöngumóðir. Staðgöngumæður tala um missi með sársaukafulla og áhrifamikla lífsreynslu þó svo að þær tali ítrekað um að þær beri engin tengsl til barnsins sem þær bera undir belti.⁹² Fyrir staðgöngumæðurnar þjónar það hlutverk að skipuleggja meðgönguna og áfanga hennar samviskusamlega og svo ánægjan að hún sé orðin að veruleika gegn því að tengjast barninu tilfinningalega. Nefnir ein á SMO: „að það var ekki barnið sem ég tengdist tilfinningalega, ég tengdist væntanlegum foreldrum.” Hins vegar þegar væntanlegir foreldrar fjarlægast staðgöngumóðurinn eftir misheppnaða meðgöngu er hún skilin eftir í svokallaðri „staðgöngusorg”, aðstæðum þar sem bræðast saman þær skyldur að syrgja missinn sem er ekki annarra að syrgja. Hafandi gengist við þeirri skuldbindingu að skapa dýrmætt barn, hlýtur missirinn að samsvara því að missa önnur börn. Þegar væntanlegir foreldrar fara burtu úr aðstæðunum eins og um misheppnuð viðskipti sé að ræða, virða þeir að vettugi gildi þeirrar „gjafar lífsins” og þeirrar fórnar sem staðgöngumóðirin var tilbúin að gefa. Sambandið sem hugsað var sem náíð og ævarandi, er skyndilega orðið að riftanlegum samningi.⁹³

Hægt er að líta svo á að vissir líkamlegir eiginleikar konunnar hafi hamlað félaglegri þróun hennar og fest hana í því samhengi að vera tengdari náttúrunni. Það er hins vegar ekki líkamlegt hlutverk hennar sem staðsetur hana þar heldur er það félagslegt samhengi þessa hlutverks í augum menningarinnar sem hafa vægi. Aðeins geta félagslegar breytingar þróast út frá breyttum félagslegum veruleika og í kjölfarið

91 Berend, „Surrogate Losses: Understandings of Pregnancy Loss and Assisted Reproduction among Surrogate Mothers“, 242-4

92 Sama heimild, 242-4

93 Sama heimild, 254

breytast aðeins menningarleg viðhorf okkar. Hafa ber það í huga að konur eru ekkert nálægari (eða fjarlægari) náttúrunni en karlar í „raunveruleikanum”. Bæði karlar og konur hafa vitund, bæði eru dauðleg.⁹⁴

Samskipti staðgöngumæðranna sem deilt hafa reynslu sinni, bæði í rannsóknunum sem Karen Bugsby hefur tekið saman og á spjallsvæðinu www.surromonline.com, koma okkur að einhverju leyti nær upplifun þeirra kvenna sem ganga með barn í þeim tilgangi að láta það af hendi við fæðingu. Sláandi eru speglunin á milli hinna félagslegu mótuðu kynhlutverka sem konan er jafnan staðsett innan, sem hin fórnfúsa, gefandi, umhyggjusama og aftur þeirra hvata sem margar af þeim konum höfðu fyrir því að gerast staðgöngumæður. Þær vildu gefa, vera mikilvægar og öðlast viðurkenningu. Þegar öllu var á botninn hvolft er staðgönguferlið staðsett innan viðskiptalegs samhengis, þar sem bindandi samningar um útfærslur getnaðar, meðgöngu og „afhendingu” barnsins eru útlistaðar. Erfitt reynist þessum konum, sem hér hefur verið litið til, að samræma sitt fastmótaða kynhlutverk og aftur bindandi samninga markaðshagkerfisins.

94 Sherry B. Ortner, „Is Female to Male as Nature is to Culture?“, í *Woman, Culture and Society*, 75

11.Lokaorð

Á sjöunda og áttunda áratugnum urðu komu fram uppgötvanir á sviði æxlunarfræða sem áttu eftir að endurmóta skilning okkar á getnaði, móður- og föðurhlutverkinu og æxlunarferum kvenna. Tæknifrjógungunin gerði það að verkum að hægt var að frjóvga kynfrumur manna utan líkamans og búa til svokallaðan fósturvísi. Fósturvísi þessum er svo hægt að koma fyrir í konu sem ekki hefur neina líffræðilega tenginu við hann. Vissulega hefur þessi uppgötvun haft í för með sér jákvæðar afleiðingar fyrir fólks sem glímur við skerta frjósemi. Til að tæknifrjógungun geti átt sér stað þurfa að koma til kynfrumur. Oft búa einstaklingar við líkamlegt ástand þar sem frumur þessar eru ekki til staðar, eða uppfylla ekki skilyrði til frjógunar. Þá þarf að notast við kynfrumur ótengdra aðila, þ.e.a.s aðila sem ekki eiga að vera foreldrar barnsins sem koma á í heiminn.

Þegar tækni þessari fleytti fram varð til meiri eftirspurn eftir kynfrumum. Við það skapaðist ákveðið markaðsumhverfi með slíkar frumur sem lýtur hinu frjálsa hagkerfi. Með aukinni framþróun hafa sífellt fleiri nýtt sér úrræði sem hjálpað geta við barneignir. Á hverjum tíma er áætlað að á bilinu 10-15% fólks í hverju landi glími við skerta frjósemi. Þau úrræði sem í boði eru hverju sinni, eru veitt að stærstum hluta af einkaaðilum sem lúta markaðslögmálum um framboð, eftirspurn, verð og skilvirkni. Gerendurnir á þessum sérstaka ófrjósemismarkaði taka að öllu jöfnu viðskiptaákvörðinir með vonina, ef ekki örvæntinguna, sem hvata en ekki gróða eins og gerendur á markaði með annan „varning”. Þetta gerir fólki ekki kleift að leita sér að „bestu” kaupunum því varan sem það leitast eftir hefur ekkert verðgildi í sjálfu sér. Enginn hefur enn getað sett fram meðalverð á mannlífið.

Markaður með eggfrumur er orðinn að lífvænlegum viðskiptamarkaði víða um heim. Bandaríkin eru hvað atkvæðamest þegar kemur að framboði, eftirspurn og fjárhæðum sem greiddar eru fyrir hverja eggfrumuheimtingu. Konum eru greiddar fjárhæðir allt eftir genatískum eiginleikum eggfrumanna, fjölda þeirra og heilbrigði. Þess má geta að flestar þær konur sem gefa kost á sér í eggfrumuheimtingu eru hvítar,

háskólamenntaðar og á aldrinum 20-30 ára, enda mesta eftirspurnin eftir eggfrumum slíkra kvenna, og þarafleiðandi eru þeim greiddar hæstu fjárhæðirnar.

Læknastofur sem sérhæfa sig í ófrjósemislækningum bjóða einnig upp á þá þjónustu að frysta eggfrumur fyrir konur sem ekki hafa í huga að verða ófrískar á næstu árum, en hafa hugsað sér að eignast börn í framtíðinni. Þarna hefur þjónustan færst frá því að vera aðeins fyrir þá sem glíma við skerta frjósemi, heldur miðuð að konum sem eru heilbrigðar en vænta ófrjósemi, annað hvort vegna hugsanlegra sjúkdóma eða óhjákvæmilegrar öldrunar.

Staðgöngumæðrun varð fýsilegri kostur eftir að tæknifrjóvgunin kom fram á sjónarsviðið. Hægt er að koma fyrir fósturvísi í legi konu án þess að hún hafi nokkra líffræðilega tengingu við barnið sem kemur til með að þroskast innra með henni. Staðgöngumæðrun í sinni einföldustu mynd er ævafornt fyrirbæri. Konur lögðust með eiginmönnum annarra, (ófrjórra) kvenna, annað hvort fúsar eða tilneyddar, gengu svo með barnið og gáfu það frá sér til föðursins og eiginkonu hans. Einnig gáfu konur börn sín þeim sem ekki gátu átt börn ef þannig bar við. Tæknifrjóvgunin breytti þessu fyrirkomulagi með því að fjarlægja kynlífið úr jöfnunni. Getnaðurinn getur nú farið fram án þess að líffræðilegir foreldrar hittist nokkru sinni, nema hlutar þeirra í tilraunaglassi á rannsóknarstofu. Með tilkomu þessa hefur staðgönguferlið gengist undir endurnýjun lífdaga. Stöðugt er þrýst á stjórnvöld þeirra landa sem ekki enn hafa lögleitt það, eða smíðað löggjöf, að gera slíkt.

Samkvæmt frásögnum kvenna á spjallsíðinni www.surromonline.com og rannsóknum á upplifunum og líðan staðgöngumæðra ber margt að sama brunni. Slíkar frásagnir sem kannaðar hafa verið hér, eiga það flestar sameiginlegt að standa undir og viðhalda félagslega móðuðum hugmyndum um kynhlutverk kvenna. Konurnar lýsa sér sem gefandi og fórnfúsum og lýsa löngun sinni á að vera metnar mikilvægar af verðandi foreldrum. Þar sem staðgönguferlið felur í sér bindandi samkomulag milli staðgöngumóður og verðandi foreldrar sem fer fram í viðskiptalegu samhengi, standa væntanlegir foreldrar oftast nær ekki undir þeirri ímynd sem staðgöngumæðurnar hafa af þeim. Þær upplifa sig sviknar þegar áframhaldandi samband á sér ekki stað á milli þeirra og foreldranna, þegar barnið er komið í heiminn. Einnig ef samningi er rift vegna þess að skilyrðum hans hafa ekki verið mætt af staðgöngumóðurinni, þ.e.a.s, henni ekki tekist að verða barnshafandi eða misst fóstur, upplifir staðgöngumóðirin sig svikna

og/eða vonlausa þegar væntanlegir foreldrar hverfa á braut eins og um misheppnað viðskiptasamband sé að ræða. Því er lýst í mörgum tilvikum að konurnar upplifi sig ekki tilfinningalega tengdar barninu sem þær ganga með og líti ekki á það sem þeirra eigið, en ef kemur til fósturmissis er sorgin mikil, ekki vegna barnsins að þeirra mati, heldur vegna þess að þær telja sig hafa brugðist væntanlegum foreldrum.

Eru þetta allt afar áhugaverðar frásagnir sem koma okkur nær þeim veruleika sem staðgöngumæður glíma við. Þær virðast eiga erfitt með að skilgreina á milli viðskiptasambands, sem staðgönguferlið er að miklu leyti, og þeim tilfinningalegu upplifunum sem barnburður, fósturmissir og samskipti þeirra við væntanlega foreldra vissulega eru.

Með tæknilegri framþróun koma fram siðferðileg vandamál. Líffæknin er hér vissulega dæmi um það. Erfitt er að skilgreina hvers virði mannlífið er í hugum okkar, þó svo að ákveðnar vísbendingar séu um það, allavega ef marka má verðskrá yfir egg- og sæðisfrumur, fósturvísa og gjöld sem greidd eru við staðgöngumæðrun. Þegar viss úrræði eru leidd í lög getur oft verið erfitt að stiga tilbaka. Hugsa verður um afleiðingar auk ágóða þegar smíðuð er löggjöf sem getur haft það í för með sér að æxlunarfæri kvenna séu álitin vara á markaði, að ásættanlegt þyki að þriðji aðili sé fenginn til að uppfylla óskir okkar um afkvæmi og að félaglega mótuðum kynhlutverkum kvenna sé viðhaldið og þar með kynjakerfinu öllu.

Heimildaskrá

- Berend, Zsuzsa. „Surrogate Losses: Understandings of Pregnancy Loss and Assisted Reproduction among Surrogate Mothers,“ *Medical Anthropology Quarterly*. Vol. 24, No. 2. (2010): 240-262
- Browne, Naima, *Gender Equity in the Early Years*. Berkshire, Open University Press, 2004.
- Bugsby, Karen og Delaney Vun. „Revisiting The Handmaid's Tale: Feminist Theory Meets
- Empirical Research on Surrogate Mothers.” *Canadian Journal of Family Law*. Vol. 26. (2010): 13-93
- Cahn, Naomi. „Reproducing Dreams“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstýrt af Michele Bratcher Goodwin, 147-164. Cambridge: Cambridge University Press, 2010.
- Connell, R. W., *The men and the boys*. Berkley: University of California Press, 2000.
- Connell, R.W., *Gender and Power: Society, the person and sexual politics*. Cambridge: Polity, 1987.
- Connell, R.W., *Masculinities*. Berkley: University of California Press, 1995.
- Cussins, Charis. „Producing Reproduction: Teqniques of Normalization and Naturalization of
- Fertility Clinics í Reproducing Reproduction,“ í *Kinship, Power, and Technological Innovation*, ritstýrt af Sarah Franklin og Helena Ragoné, 67-102. Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 1998.
- Elster, Nanette R. „Egg Donaton For Research and Reproduction: The Compensation Conundrum“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstýrt af Michele Bratcher
- Goodwin, 226-237. Cambridge: Cambridge University Press, 2010.
- Franklin, Sarah. „Deconstructing “Desperateness”: The Social Construction of Infertility in Popular Presentations of New Reproductive Technologies“ í *The New Reproductive Tecnologies*, ritstýrt af Maureen Mcneil, Ian Varcoe og Steven Yearley. 200-229. New York: St. Martins, 1990.

- Heilbrigðisráðuneytið, *Áfangaskýrsla vinnuhóps heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun*. Reykjavík: Heilbrigðisráðuneytið, febrúar 2010.
- Heimasíða Art Medica. <http://www.artmedica.is/id/406> (Skoðað 22.09.2011)
- Ikemoto, Lisa C. „Eggs, Nests, and Stem Cells,“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstýrt af Michele Bratcher Goodwin, 237-251. Cambridge: Cambridge University Press, 2010.
- Klein, Renate Duelli. „What's „new” about the „new” reproductive technologies?“ í *Man Made Woman: How New Reproductive Technologies Affect Women*, ritstýrt af Gena Coera, 64-74 London: Hutchinson, 1985.
- Krawiec, Kimberly D. „Price and Pretence in the Baby Market“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstýrt af Michele Bratcher Goodwin, 41-56. Cambridge: Cambridge University Press, 2010.
- Kristín Marja Baldursdóttur. *Óreiða á striga*: Reykjavík: Mál og menning, 2007.
- Kristín Marja Baldursdóttur. *Karítas*. Reykjavík: Mál og menning, 2004.
- Lynne, Seal, *Is the future female? Troubled Thoughts on Contemporary Feminism*. London: Virago Press, 1987.
- Lög um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996
- Martin, Lauren Jade. „Anticipating Infertility: Egg Freezing, Genetic Preservation, and Risk.“ *Gender & Society*. Vol. 24. No. 4, ágúst, (2010): 526-545
- Ortner, Sherry B. „Is Female to Male as Nature is to Culture?“ í *Woman, Culture and Society*, ritstýrt af Michelle Zimbalist Rosaldo og Louise Lamphere, 67-87. Stanford, California: Stanford University Press, 1974.
- Robertsson, John A. „Commerce and Regulation in the Assisted Reproduction Industry“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstýrt af Michele Bratcher Goodwin, 191-208. Cambridge: Cambridge University Press, 2010.
- Rowland, Robyn. „Motherhood, patriarchal power, alienation and the issue of „choice” in sex preselection í *Man Made Woman: How New Reproductive Technologies Affect Women*, ritstýrt af Gena Coera, 74-88. London: Hutchinson, 1985.
- Salvör Nordal. „Tæknifrjógvanir og staðgöngumæður út frá hagsmunum barna“ í *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags*, ritstýrt af Salvöru Nordal, Sigrúnu Júlíusdóttir og Vilhjálmi Árnasyni, 89-101. Reykjavík: Siðfræðistofnun, Háskólaútgáfan, 2010.
- Sóley Tómasdóttir. „*Þau eru svo ólík*,“ Ritgerð í hagnýtum jafnréttisfræðum, Háskóli Íslands, 2008.

Spar, Debora L. „Free Markets, Free Choice? A Market Approach to Reproductive Rights“ í *Baby Markets: Money and the New Politics of Creating Families*, ritstýrt af Michele Bratcher Goodwin, 2-23. Cambridge: Cambridge University Press, 2010.

Spar, Debora L. *How Money, Science and Politics drive the Commerce of Conception*. Boston, Massachusetts: Harvard Business School Press, 2006.

Vefur Jafnréttisstofu. *Orðabók*,

<http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadDocument&ID=37&DocCatID=20>
(Skoðað 2. 9.2011).

Walby, Sylvia, *Theorizing Patriarchy*. Oxford, UK: Blackwell, 1997.

Þorgerður Þorvaldsdóttir. „Er í alvöru til eitthvað sem heitir eðli, hjá mannfólki og sem munur á milli kynjanna?“ *Vísindavefurinn* 3.11.2000.
<http://visindavefur.is/?id=1084>. (Skoðað 12.9.2011).